

ÚTGÁFA 3.0
2020

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
ALMANNAVARNA

Heimsfaraldur - Landsáætlun



Ríkislögreglustjórinn
Sóttvarnalæknir

Heimsfaraldur, Landsáætlun
Útgáfa 3.0
2020

Útgefandi:

Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild
ríkislögreglustjóra

Ritstjórn:

Íris Marelsdóttir (ritstjóri)
Guðrún Sigmundsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

Útlit og umbrot:

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Viðbragðsáætlunin er aðeins gefin út á rafrænu
formi. Athugasemdir skal senda á netfangið:

svl@landlaeknir.is

Efnisyfirlit

Orðskýringar	11
1 Inngangur	13
2 Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin og markmið áætlunar.....	14
2.1 Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin og alþjóðleg lýðheilsuógn	14
2.2 Markmið viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldurs.....	14
3 Virkjun	15
3.1 Almannaþing	15
3.2 Óvissustig – greining og undirbúningur.....	15
3.3 Hættustig – viðbúnaður vegna hættu	15
3.4 Neyðarstig – viðbrögð við atburði.....	16
3.5 Afboðun.....	17
3.6 Opinberar sóttvarnaráðstafanir	17
3.6.1 Samkomubann	17
3.6.2 Takmarkanir á ferðafrelsi	17
4 Boðun	18
4.1 Óvissustig	18
4.2 Hættustig.....	18
4.3 Neyðarstig	19
5 Stjórnkerfi	20
5.1 Ríkisstjórn Íslands.....	20
5.1.1 Ríkisstjórn Íslands hugar sérstaklega að því að:	21
5.1.2 Ríkisstjórnarákvarðanir	21
5.1.3 Þjóðaröryggisráð	22
5.2 Sóttvarnalæknir.....	22
5.3 Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna.....	22
5.4 Sóttvarnaráð	22
5.5 Ríkislögreglustjóri.....	22
5.6 Samhæfingarstöðin.....	23
5.7 Lögreglustjórar.....	23
5.8 Aðgerðastjórn almannaþinga	23
5.9 Vettvangsstjórn almannaþinga.....	23
5.10 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins	24

5.11	Fjölmiðlar.....	26
5.12	Upplýsingamiðlun.....	26
5.13	Upplýsinga- og fjölmiðlateymi ríkislögreglustjóra.....	26
5.14	Upplýsingavefir.....	27
5.15	Upplýsingamiðlun við almannavarnaástand	27
5.16	Verkefni vegna upplýsingamiðlunar.....	27
6	Starfssvæði	29
7	Áhættumat.....	30
7.1	Vöktun og farsóttagreining í heimsfaraldri	31
8	Verkefni viðbragðsaðila	32
8.1	Ríkislögreglustjóri.....	33
8.2	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra	34
8.3	Samhæfingarstöð (SST)	35
8.4	Aðgerðastjórn (AST).....	36
8.5	Lögreglan	37
8.6	Sóttvarnalæknir.....	38
8.7	Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna.....	41
8.8	Landlæknir	43
8.9	Heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús (LSH og SAK).....	44
8.10	Landspítali – sérverkefni	45
8.11	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH)	46
8.12	Læknavaktin – sími 1700.....	47
8.13	Sjúkraflutningar – rekstraraðilar.....	48
8.14	Sjúkraflutningar – fagráð.....	49
8.15	Lyfjastofnun.....	50
8.16	Lyfjaframleiðendur og lyfjainnflytjendur	51
8.17	Lyfjaheildsalar dýralyfja	52
8.18	Íslandspóstur og aðrir dreifingaraðilar lyfja	53
8.19	Matvælastofnun.....	54
8.20	Matvælabirgjar og matvælaframleiðendur – dreifing nauðsynja	55
8.21	Matvöruverslanir – dreifing nauðsynja.....	56
8.22	Olíufyrirtæki og bensinstöðvar – dreifing nauðsynja	57
8.23	Flutningafyrirtæki – dreifing nauðsynja.....	58
8.24	Bændasamtök Íslands	59
8.25	Fóður vegna dýra (innflytjendur og framleiðendur)	60

8.26	Neyðarlínan.....	61
8.27	Samgöngustofa.....	62
8.28	Vegagerðin	63
8.29	Isavia.....	64
8.30	Landhelgisgæslan	65
8.31	Ferðamálastofa	66
8.32	Ríkisstjórn Íslands.....	67
8.33	Alþingi	68
8.34	Heilbrigðisráðuneytið.....	69
8.35	Mennta- og menningarmálaráðuneytið – skólahald	70
8.36	Mennta- og menningarmálaráðuneytið – starfsemi menningarstofnana	71
8.37	Mennta- og menningarmálaráðuneytið – íþrótt- og æskulýðsstarfsemi.....	72
8.38	Seðlabankinn.....	73
8.39	Greiðsluveitan.....	74
8.40	Reiknistofa bankanna (RB) og aðrir birgjar (erlendir sem innlendir).....	75
8.41	Samtök fjármálafyrirtækja (SFF).....	76
8.42	Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.....	77
8.43	Ríkisútvarpið (RÚV)	78
8.44	Póst- og fjarskiptastofnun – fjarskiptafyrirtæki	79
8.45	Umhverfisstofnun	80
8.46	Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga	81
8.47	Samorka	82
8.48	Samband íslenskra sveitarfélaga.....	83
8.49	Sveitarfélög	84
8.50	Samtök atvinnulífsins.....	85
8.51	Samtök launafólks (ASÍ, BHM, BSRB o.fl.)	86
8.52	Rauði krossinn á Íslandi	87
8.53	Slysavarnafélagið Landsbjörg.....	88
8.54	Fangelsismálastofnun.....	89
8.55	Þjóðkirkjan	90
8.56	Útfararþjónusta	91
8.57	Vinnumálastofnun	92
8.58	Tryggingastofnun ríkisins (TR)	93
9	Fjarskipti, boðleiðir og samskiptaleiðir	94
9.1	Samskiptaleiðir í heimsfaraldri.....	96

9.2	Talhópaskipulag TETRA.....	96
9.3	Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna. Aðsetur og vinnustaður.....	97
10	Kort.....	98
11	Dreifingarlisti.....	102
12	Breytingasaga.....	103
13	Viðaukar.....	104
13.1	Listi yfir æskilegt birgðahald heimila í heimsfaraldri.....	104
13.2	Matarpakkar til heimila í sóttkví eða einangrun.....	105
13.3	Gátlisti – órofinn rekstur fyrirtækja.....	110

Myndaskrá

Mynd 5-1	Boðleiðir í heimsfaraldri.....	20
Mynd 5-2	Verkþáttaskipurit almannavarna, Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd (SÁBF).....	25
Mynd 9-1	Samskiptaleiðir í heimsfaraldri	944
Mynd 9-2	Fjaraskiptaskipulag TETRA vegna heimsfaraldurs.....	955
Mynd 10-1	Sóttvarnaumdæmin og aðsetur umdæmis- og svæðislækna sóttvarna samkvæmt reglugerð nr. 387/2015.....	988
Mynd 10-2	Lögregluumdæmin og aðsetur lögreglustjóra samkvæmt reglugerð nr. 1150/2014 ..	999
Mynd 10-3	Mörk sveitarfélaga og íbúafjöldi	100
Mynd 10-4	Ráðlagðir lokunarstaðir á vegum á milli lögregluumdæma í heimsfaraldri.....	101

Töfluskrá

Tafla 4-1	ÓVISSUSTIG - boðunarskrá Neyðarlínunnar í heimsfaraldri	18
Tafla 4-2	HÆTTUSTIG - boðunarskrá Neyðarlínunnar í heimsfaraldri	18
Tafla 4-3	NEYÐARSTIG - boðunarskrá Neyðarlínunnar í heimsfaraldri.....	19
Tafla 12-1	Breytingasaga skjalsins	103

Skammstöfun	Þýðing
AR	Sýkingartíðni (Attack rate)
ASÍ	Alþýðusamband Íslands
AST	Aðgerðastjórn
AVD-RLS	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BHM	Bandalag háskólamanna
BSRB	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms (Case fatality ratio)
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control)
EL	Embætti landlæknis
EMA	Lyfjastofnun Evrópu (European Medicines Agency)
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
GR	Geislavarnir ríkisins
HS	Heilbrigðisstofnun
IHR	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (International Health Regulations)
LSH	Landspítali
LST	Lyfjastofnun
MAST	Matvælastofnun
PHEIC	Alþjóðleg lýðheilsuógn (Public Health Emergencies of International Concern)
PPE	Persónulegur hlífðarbúnaður (Personal Protection Equipment)
RB	Reiknistofa bankanna
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RLS	Ríkislögreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SAF	Samtök ferðaþjónustunnar
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, verkþáttaskipurit almannavarna
SAK	Sjúkrahúsið á Akureyri
SFF	Samtök fjármálafyrirtækja
SGS	Samgöngustofa
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SVL	Sóttvarnalæknir
UMH	Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar
UST	Umhverfisstofnun
HRN	Heilbrigðisráðuneyti
VST	Vettvangsstjórn
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization)

Orðskýringar

Afkvíun (Quarantine): Takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður grunsamlegra einstaklinga sem ekki eru veikir eða aðskilnaður grunsamlegs farangurs, farartækja, vara eða pósthöggla sem hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum eða öðru á þann hátt sem kemur í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar.

Afmengun (Decontamination): Þrif vegna bráðamengunar. Dýr, fólk og umhverfi.

Alþjóðleg lýðheilsuógn (PHEIC): Bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims (Public Health Emergencies of International Concern). Óvenjulegur atburður sem er skilgreindur samkvæmt IHR sem ógn við lýðheilsu vegna útbreiðslu sjúkdóma milli landa og sem atvik sem getur útheimt samstillt, alþjóðleg viðbrögð.

Einangrun (Isolation): Aðskilnaður einstaklinga, sem eru veikir eða hafa orðið fyrir mengun, einnig aðskilnaður farangurs, farartækja, vara eða pósthöggla sem hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum eða öðru þannig að koma megi í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar.

Farsótt: Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við á tilteknu tímabili á afmörkuðu svæði þar sem uppruni sýkinganna er hinn sami.

- *Hópsýking (Outbreak):* Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við á tilteknu tímabili á afmörkuðu svæði þar sem uppruni sýkinganna er hinn sami.
- *Faraldur (Epidemic):* Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við á stóru svæði/landinu öllu á tilteknu tímabili.
- *Heimsfaraldur (Pandemic):* Fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við í mörgum löndum/heiminum öllum á tilteknu tímabili.

Grundvallarsmitgát: Grundvallarvarúð gegn sýkingum, óháð uppruna, sem felur í sér rof smitleiða (handhreinsun og notkun viðeigandi hlífðarbúnaðar eftir því hvaða smitleið er um að ræða). Nánari upplýsingar um smitgát má finna á vef embættis landlæknis.

Lýðheilsuógn (Public health risk): Líkur á atviki sem getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði hópa fólks og er þar sérstaklega átt við sjúkdóm eða mengun sem gæti skapað alvarlega og beina hættu.

Meginreglur viðbúnaðar: Almenn t byggja viðbrögð á fjórum meginreglum. Þær eru grenndarreglan, samkvæmnisreglan, sviðsábyrgðarreglan og samhæfingarreglan. Kjarni þeirra er þessi:

- *Grenndarreglan* segir fyrir um að æskilegt sé að áætlanagerð, forvarnir og viðbrögð séu að sem mestu leyti í höndum þeirra sem næst standa borgurunum, þ.e. sveitarstjórnnum og svæðisbundnum fulltrúum ríkisins.
- *Samkvæmnisreglan* segir að best sé að byggja viðbrögð við hvers kyns vá á þeirri reynslu sem skapast í daglegum störfum viðbragðsaðila og því stjórnskipulagi sem stuðst er við í daglegum störfum.
- *Sviðsábyrgðarreglan* segir fyrir um að ábyrgð aðila breytist ekki eftir umfangi atburða og nauðsynlegum viðbúnaði vegna þeirra. Hver sinnir sínu hvort sem um er að ræða dagleg verkefni eða almannavarnaástand.
- *Samhæfingarreglan* segir til um að allir hafi skyldu til að vinna saman og samhæfa störf sín í viðum skilningi.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir: Takmarkanir á ferðafrelsi, einangrun smitaðra, sótthreinsun, sóttkví eða samkomubann samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997.

Smitferja (Vector): Skordýr eða annað dýr sem að jafnaði ber með sér sýkil sem getur skapað hættu fyrir lýðheilsu.

Smitgeymir (Reservoir): Dýr, planta eða efni þar sem sýkill sem getur ógnað lýðheilsu hefst við að öllu jöfnu.

Sótthreinsun (Disinfection): Ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda sýklum á líkama manna eða dýra eða í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og póstböggjum í skefjum eða eyða þeim með efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum.

Skráningarskyldir sjúkdómar: Með skráningarskyldu er átt við skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að senda sóttvarnalækni ópersónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar: Þeir sjúkdómar, sjúkdómsvaldar og atburðir sem sóttvarnalög fjalla um eru skráningarskyldir og geti þeir ógnað almannaheill eru þeir jafnframt tilkynningarskyldir. Með tilkynningarskyldu er átt við þá skyldu að senda sóttvarnalækni persónugreinanlegar upplýsingar um sjúkdómstilvik sem talin eru upp í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012.

Útsettur: Að hafa orðið fyrir smiti/mengun sem getur skaðað heilsu. Einstaklingur getur verið einkennalaus en smitandi.

1 INNGANGUR

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða vegna hvers kyns heimsfaraldurs.

Áætlunin styðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og sóttvarnalög nr. 19/1997. Gert er ráð fyrir að atvinnulíf í landinu verði skert í tiltekinn tíma, hluti þjóðarinnar verði rúmfastur vegna veikinda og dánartíðnin verði umfram það sem búast má við í venjulegu árferði.

Fyrri útgáfa þessarar áætlunar bar heitið Landsáætlun vegna heimsfaraldurs og hefur hlutverk hennar nú verið víkkað og nær yfir heimsfaraldra veikinda af hvaða toga sem er.

Áætlunin tekur til Íslendinga og ferðamanna sem staddir eru á landinu á hverjum tíma. Áætlunin tekur einnig til sóttvarnahafna og alþjóðaflugvalla og gerir ráð fyrir að virkja megi áætlun hvers flugvallar/hafnar samhliða virkjun þessarar áætlunar.

Allir þeir sem nefndir eru í 8. kafla þessarar áætlunar fengu tækifæri til yfirlstrar og margir lögðu fram ábendingar til breytinga.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð og samhæfð viðbrögð aðila sem hlut eiga að máli þegar til heimsfaraldurs kemur. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og geta sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Ríkislögreglustjórinn ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar í samvinnu við sóttvarnalækni (SVL). Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra bera sameiginlega ábyrgð á boðun. Áætlunin skal uppfærð eins oft og þurfa þykir. Boðunarlistar vegna virkjunar áætlunarinnar eru vistaðir hjá Neyðarlínunni (112) en uppfærsla þeirra er á ábyrgð hvernar viðbragðseiningar. Einstaka verkþættir áætlunarinnar skulu æfðir eins og þurfa þykir.

Áætlun um heimsfaraldur verður ekki dreift á pappír heldur vistuð á vefsíðu almannavarna á íslensku og útdráttur skráður á ensku. Aðrir ábyrgðaraðilar hafa tengil á sinni heimasíðu sem vísa í áætlunina.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 5. mars 2020

Kjartan Þorkelsson
ríkislögreglustjóri

Þórólfur Guðnason
sóttvarnalæknir

2 ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐIN OG MARKMIÐ ÁÆTLUNAR

2.1 Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin og alþjóðleg lýðheilsuógn

Allt frá miðri 19. öld hafa verið gerðir milliríkjasamningar um aðgerðir til að stemma stigu við að smitandi sjúkdómar berist milli landa. Eftir stofnun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) árið 1948 var samþykkt alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) sem hefur verið aukin og bætt nokkrum sinnum. Árið 2005 kom út ný og gerbreytt alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem tók gildi hér á landi árið 2007. Þessi nýja reglugerð (IHR) er í takt við nýja tíma því hin gríðarlega aukning sem orðið hefur í ferðalögum fólks milli landa og aukning á verslun og milliríkjavíðskiptum eykur hættu á að sjúkdómar og heilbrigðisógnir geti á stuttum tíma borist heimshorna á milli. IHR er bindandi alþjóðasamningur milli allra aðildarþjóða WHO og gildir ekki einvörðu um sérstaka smitsjúkdóma heldur einnig um hvers kyns heilbrigðisógnir, til dæmis af völdum eiturefna eða geislavirkni. Reglugerðin kveður meðal annars á um að aðildarþjóðum beri að hafa gott eftirlit með útbreiðslu sjúkdóma og annarra heilsufarsógnna og að landstengiliður skuli tilkynna um hvert tilfelli tiltekinna sjúkdóma og óvænt atvik sem eru eða geta orðið heilbrigðisógnir.

Markmið IHR er að hindra eða koma í veg fyrir að sjúkdómar berist milli landa, veita vernd gegn útbreiðslu og gera viðbragðsáætlanir gegn henni á sviði lýðheilsu og koma jafnframt í veg fyrir ónauðsynlega röskun á umferð og viðskiptum milli landa.

Aðalframkvæmdastjórn WHO tekur ákvörðun í samvinnu við bráðanefnd WHO um hvort tiltekinn atburður geti verið bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims. Ef atburður er metinn sem alþjóðleg lýðheilsuógn er kallað eftir samstilltum viðbrögðum þjóða. Samráð þjóða er aukið sem og upplýsingamiðlun milli þjóða.

2.2 Markmið viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldurs

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs miðar að því að lágmarka áhrif faraldurs hér á landi með því að:

- Hindra (eða seinka eins og hægt er) að faraldur berist til landsins.
- Lágmarka smithættu og draga úr útbreiðslu faraldurs innanlands.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði samfélagsins.
- Beita samhæfðum vinnubrögðum og tryggja upplýsingaflæði til allra sem sinna nauðsynlegri starfsemi.
- Upplýsa almenning og veita nauðsynlega fræðslu.
- Lækna og líkna sjúkum.
- Efla vöktun og farsóttagreiningu.
- Sinna eftirliti á meðan faraldur gengur yfir.

Þeir sem hafa heimild til að virkja þessa áætlun eru almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir. Við ákvörðun um virkjun þarf einnig að taka ákvörðun um almannavarnastig.

3.1 Almanna­var­nastig

Almanna­var­nastig skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að á hverjum tíma. Hægt er að virkja viðbragðsáætlunina á þremur almanna­var­nastigum: Óvissustigi, hættustigi eða neyðarstigi. Ef WHO vekur athygli á nýjum faraldri og telur ástæðu til aukinnar árvekni meðal þjóða heims, skal sóttvarnalæknir framkvæma áhættumat og meta hvort þörf sé á virkjun viðbragðsáætlunarinnar. Atburðarásin í heimsfaraldri getur verið mjög breytileg og sveigjanleiki við notkun viðbragðsáætlunarinnar er því nauðsynlegur. Ákvörðun um almanna­var­nastig er tekin eftir að niður­stöður bráðabirgðaáhættumats liggja fyrir og einungis eru virkjaðar þær aðgerðir innan hvers almanna­var­nastigs sem taldar eru líklegar til að skila árangri.

3.2 Óvissustig – greining og undirbúningur

Skilgreining

Nýr faraldur hefur greinst í mönnum og ástæða þykir til aukinnar árvekni og ítarlegs áhættumats. Sýking hefur ekki greinst hér á landi.

Ráðstafanir

- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Aukin vöktun og farsóttagreining.
- Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
- Athugun á boðleiðum.
- AST fari yfir áætlanir, verkferla, tengiliði og gátlista.
- Farið yfir verkferla.
- Endurskoðun á fræðsluefni.
- Fræðsluefni miðlað markvisst á vef embættis landlæknis.
- Samráð/samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga aukið eftir þörfum.
- Æfingar, svo sem almanna­var­na­æfing og minni æfingar innan stofnana og meðal aðila sem hafa sameiginleg verkefni.
- Virkjun SST að hluta ef þess er talin þörf.

3.3 Hættustig – viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining

Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Veiran aðlagast mönnum í vaxandi mæli og umtalsverð hættu er á heimsfaraldri. Sýking kann að hafa verið staðfest hér á landi en lýsa má hættustigi þó sýking hafi ekki borist til landsins.

Ráðstafanir

- Vöktun farsóttar og farsóttagreining efl.
- Áhættumat í stöðugri endurskoðun.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Endurskoða, útbúa og dreifa fræðsluefni til almennings og fagaðila í samræmi við áhættumat.
- Fræðsluefni miðlað markvisst á vef embættis landlæknis.
- Til greina kemur að beita takmörkunum á ferðafrelsi um hafnir og flugvelli.
- Setja þá sem eru með/gætu verið með sýkingu af völdum veirunnar í einangrun. Heimasóttkví/afkvíun hugsanlega beitt vegna þeirra sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast af veirunni.
- Til greina kemur að skip verði sett í sóttkví.
- Virkjun SST.
- Takmörkuð virkjun AST í umdæmum, reglulegir stöðufundir.

3.4 Neyðarstig – viðbrögð við atburði

Skilgreining

Heimsfaraldri hefur verið lýst yfir eða hópsýking er að breiðast út innanlands. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir

- Áhættumat í stöðugri endurskoðun.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Efla vöktun og farsóttagreiningu.
- Dreifing fræðsluefnis til almennings og fagaðila. Markviss skráning fræðsluefnis á vef embættis landlæknis.
- Opinberum sóttvarnaráðstöfunum er beitt eins og takmörkunum á ferðafrelsi og samkomubanni í samræmi við áhættumat, sjá kafla. 3.7.
- Heimasóttkví getur verið beitt og til greina kemur að setja skip í sóttkví.
- Full virkjun SST.
- Eftir atvikum full eða takmörkuð virkjun AST í umdæmum.

Virkjun

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á virkjun áætlunarinnar í samráði við sóttvarnalækni. Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin eru viðbragðsaðilar boðaðir og upplýstir um almannavarnastig (óvissustig, hættustig, neyðarstig). Sóttvarnalæknir skal upplýsa heilbrigðisráðherra um virkjun áætlunarinnar svo fljótt sem verða má. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á boðun.

3.5 Afboðun

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á afboðun í samráði við sóttvarnalækni.

3.6 Opinberar sóttvarnaráðstafanir

3.6.1 Samkomubann

Í samkomubanni samkvæmt 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 felst að fjöldasamkomur eru óheimilar svo sem fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og kirkjuathafnir, til dæmis guðsþjónustur. Samkomubann er sett á samkvæmt nánari fyrirmælum.

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og mælir fyrir um sóttvarnaráðstafanir undir yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt 12. grein sóttvarnalaga getur ráðherra, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, fyrirskipað skimun á landamærastöðvum, úrskurðað fólk í sóttkví/afkvíun þar á meðal heimasóttkví/ heimaafkvíun, fyrirskipað samkomubann, afkvíun landsins í heild og innanlands í sóttvarnasvæði. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram en skal gera ráðherra jafnskjótt kunnar sínar ráðstafanir. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef þarf.

Sóttvarnaráðstafanir geta verið þess eðlis að ólíklegt sé að til þeirra verði gripið án samráðs ráðherra í ríkisstjórn vegna þess að þær varða allt svið samfélagsins.

Þær eru:

- Fyrirmæli um samkomubann, lokun skóla og annarra samkomustaða.
- Fækkun landamærastöðva þar sem sett verður upp sóttvarnaskimun.
- Afkvíun alls landsins með lokun landamæra.
- Afkvíun landshluta með lokun milli sóttvarnaumdæma.
- Ákvörðun um að aflétta ofangreindum ráðstöfunum.

3.6.2 Takmarkanir á ferðafrelsi

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, að takmarka ferðafrelsi manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna (sbr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997). Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Sjá einnig gátlista Samgöngustofu.

4 BOÐUN

Neyðarlínan 112 annast boðun samkvæmt boðunaráætlun.

4.1 Óvissustig

Neyðarlínan – 112 boðar

ÓVISSUSTIG: Grunur vaknar um heimsfaraldur

- Almannavarnadeild RLS – bakvakt
- Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna
- Lögreglustjórar
- Landspítali – viðbragðsstjórn

Tafla 4-1 ÓVISSUSTIG - boðunarskrá Neyðarlínunnar í heimsfaraldri

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á að upplýsa þá aðila í kafla 8 sem hafa umboðs á landsvísu um virkjun áætlunarinnar.

Aðgerðastjórnir hvers umdæmis bera ábyrgð á að upplýsa þá aðila í kafla 8 í sínu umdæmi um virkjun áætlunarinnar.

4.2 Hættustig

HÆTTUSTIG: Hætta talin á að heimsfaraldur berist til Íslands eða sýking staðfest

- Almannavarnadeild RLS – bakvakt
- Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna
- Lögreglustjórar
- Landspítali – viðbragðsstjórn

Tafla 4-2 HÆTTUSTIG - boðunarskrá Neyðarlínunnar í heimsfaraldri

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á að upplýsa þá aðila í kafla 8 sem hafa umboð á landsvísu um virkjun áætlunarinnar.

Aðgerðastjórnir hvers umdæmis bera ábyrgð á að upplýsa þá aðila í kafla 8 í sínu umdæmi um virkjun áætlunarinnar.

Varðandi hættustig er það ríkislögreglustjóra, í samráði við sóttvarnalækni, að meta það hvaða lög-gæsluumdæmi skuli virkjuð.

4.3 Neyðarstig

Neyðarlínan - 112 boðar:

NEYÐARSTIG: Heimsfaraldur hefur borist til Íslands og hópsýkingar brjótast út

- Almannavarnadeild RLS – bakvakt**
 - Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna**
 - Lögreglustjórar**
 - Landspítali – viðbragðsstjórn**
-


Tafla 4-3 NEYÐARSTIG - boðunarskrá Neyðarlínunnar í heimsfaraldri

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á að upplýsa þá aðila í kafla 8 sem hafa umboð á landsvísu um virkjun áætlunarinnar.

Aðgerðastjórnir hvers umdæmis bera ábyrgð á að upplýsa þá aðila í kafla 8 í sínu umdæmi um virkjun áætlunarinnar.

Varðandi neyðarstig er það ríkislögreglustjóra, í samráði við sóttvarnalækni, að meta það hvaða lög-gæsluumdæmi skuli virkjuð.

5.1 Ríkisstjórn Íslands



Mynd 5-1 Boðleiðir í heimsfaraldri

Öll ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög búa að eigin viðbragðsáætlunum sem miða að því að viðhalda öryggi og heilsu starfsmanna og tryggja að hægt verði að viðhalda mikilvægri starfsemi meðan á heimsfaraldri stendur.

Heimsfaraldur á Íslandi getur haft það mikil áhrif að hann skapi neyðarástand innanlands. Því er mikilvægt að virkja almannavarnakerfi landsins í sinni víðustu mynd til þess að lágmarka skaða og fyrirbyggja að þjóðfélagið lamist.

Ríkisstjórn Íslands starfar samkvæmt viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins.

5.1.1 Ríkisstjórn Íslands hugar sérstaklega að því að:

- Skipa hóp allra ráðuneytisstjóra sem fundar reglulega og leggur mat á stöðuna.
- Geta tekið ákvarðanir með skjóttum hætti.
- Geta brugðist við alvarlegum starfsmannaskorti sem lamað getur mikilvæga starfsemi í landinu.
- Vera tilbúin að forgangsraða mikilvægum verkum vegna fjarvista starfsfólks.
- Geta mælt fyrir um tímabundið hlé á verkefnum vegna fjarvista.
- Styðja opinberar sóttvarnaráðstafanir.
- Vinna gegn ótta í samfélaginu.
- Ráðuneytisstjóranefnd upplýsi alla ráðherra um stöðu mála varðandi undirbúning viðbúnaðar og áætlanagerð almannaþarna.
- Taka ákvörðun um fjárhagslegar ráðstafanir sem gerðar eru og tillögur varðandi undirbúning og aðgerðir.

Tryggja þarf markvisst upplýsingaflæði til almennings, þannig að almenningur fái réttar leiðbeiningar um hvernig hver einstaklingur geti tekið þátt í eigin sóttvarnaráðstöfunum. Þá er brýnt að send séu skýr skilaboð með það að markmiði að telja kjark í þjóðina.

Ísland hefur einnig alþjóðlegar skyldur sem aðili að WHO og öðru alþjóðasamstarfi. Heilbrigðisráðuneytið og sóttvarnalæknir annast samskipti og samhæfingu á þessu sviði gagnvart WHO og bera ábyrgð á að Ísland uppfylli alþjóðlega skyldu í samræmi við reglugerðir WHO.

Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við WHO samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (IHR).

5.1.2 Ríkisstjórnarákvarðanir

Heilbrigðismál og sóttvarnaráðstafanir heyra undir heilbrigðisráðuneytið. Opinberar sóttvarnaráðstafanir sem miða að því að draga úr heilsutjóni eru á ábyrgð sóttvarnalæknis fyrir hönd heilbrigðisráðherra. Ef kemur til heimsfaraldurs munu sóttvarnaráðstafanir hafa víðtæk áhrif á allt samfélagið og brýnt að öll ráðuneyti komi að málum til þess að hrinda slíkum ráðstöfunum í framkvæmd. Stjórnvöld standa frammi fyrir því að taka stórar og afdrifaríkar ákvarðanir sem varða almannahagsmuni og geta haft miklar samfélagslegar afleiðingar.

Taka þarf ákvarðanir um til dæmis hert eftirlit með ferðalögum til landsins sem lið í að hindra að sóttin berist til landsins og afkvíun landsins í sóttvarnaumdæmi til að hefta útbreiðslu hennar innanlands. Við virkjun áætlunarinnar gæti þurft að setja nauðsynlegar reglugerðir til að fylgja eftir ákvörðunum bæði hvað varðar stofnanir ríkisins og einkafyrirtæki sem annast þjóðfélagslega mikilvæga starfsemi. Auk þess gætu aðstæður krafist efnahagslegra ráðstafana til þess að tryggja nauðsynlega birgðasöfnun og lágmarkun á efnahagslegum skaða.

Ráðuneyti og stofnunum ber skylda til að gera viðbragðsáætlanir og þar á meðal varðandi hagvarnir. Að til séu nægar birgðir nauðsynja og að neyðarflutningar til og frá landinu séu tryggðir.

5.1.3 Þjóðaröryggisráð

Þjóðaröryggisráð er samráðsvettvangur ráðherra, ráðuneyta, alþingismanna og fagaðila innan stjórnkerfisins ef þeir atburðir hafa orðið eða eru yfirvofandi sem ætla má að hafi áhrif á þjóðaröryggi. Er ráðinu ætlað að tryggja að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir stöðu mála, stuðla að samvinnu stjórnvalda og eftir atvikum greiða fyrir því að nauðsynlegar aðgerðir nái fram að ganga við sérstakar aðstæður er varða þjóðaröryggi.

5.2 Sóttvarnalæknir

Við embætti landlæknis starfar sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum í landinu samkvæmt lögum nr. 19/1997 undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Hann skipuleggur og samræmir sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, meðal annars með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Ráðherra ákveður, að tillögu sóttvarnaráðs, hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sóttthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en hann skal gera ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

5.3 Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna

Íslandi er skipt í sjö sóttvarnaumdæmi samkvæmt reglugerð nr. 387/2015. Ráðherra tilnefnir yfirlækna heilsugæslustöðva samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu sóttvarnaumdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis og nefnast þeir umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna. Einungis einn yfirlæknir er tilnefndur umdæmislæknir sóttvarna og ber hann ábyrgð á framkvæmd sóttvarna í umdæminu í samvinnu við lögreglustjóra umdæmisins.

Heilbrigðisráðherra er heimilt samkvæmt sömu reglugerð að tilnefna fleiri en einn yfirlækni í hverju sóttvarnaumdæmi. Þetta er gert til að samræmi náist við lögregluumdæmi landsins sem eru níu talsins. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna njóta aðstoðar lögregluþingvalda við framkvæmd sóttvarna.

5.4 Sóttvarnaráð

Heilbrigðisráðherra skipar sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar eiga sæti sérfræðingar á ýmsum sviðum smitsjúkdóma, faraldsfræðingur, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðherra skipar formann ráðsins. Sóttvarnaráð mótastefnu í forvörnum og er heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma. Ráðið hefur aðsetur hjá embætti landlæknis og er sóttvarnalæknir ritari ráðsins.

5.5 Ríkislögreglustjóri

Embætti ríkislögreglustjórans fer með málefni almannavarna og lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Innan embættisins er starfrækt almannavarnadeild. Hlutverk deildarinnar er samkvæmt lögum að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir eigna- eða líkamstjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri v. Einnig er það hlutverk deildarinnar að stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir sem draga úr skaða. Í þessu felst meðal annars að samhæfa gerð almannavarnaáætlana sveitarfélaga og stofnana og hafa eftirlit með endurskoðun og viðhaldi þeirra. Innan embættis ríkislögreglustjóra starfar alþjóðadeild

sem hefur það hlutverk í þessari áætlun að fylgjast með ástandi mála í alþjóðasamfélaginu og miðla upplýsingum til almannavarnadeildar. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar starfar undir stjórn ríkislögreglustjóra og í almannavarnaástandi sinnir hluti starfsmanna verkefnum í SST.

5.6 Samhæfingarstöðin

Ríkislögreglustjóri starfrækir Samhæfingar- og stjórnstöð (SST) sem er stjórnstöð almannavarna á landsvísu. SST er staðsett í Björgunarmiðstöðinni að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Í SST fer fram samhæfing og stjórn aðgerða. Hægt er að virkja SST í hvaða formi sem er eftir því sem þurfa þykir að mati stjórnenda í samráði við sóttvarnalækni. SST skipuleggur stuðning við og samhæfir öll umdæmin auk aðkomu stofnana og ráðuneyta. SST útvegar bjargir utan umdæma samkvæmt beiðni hverju sinni. SST ber ábyrgð á heildarsamhæfingu aðgerða og heldur uppi virku sambandi við höfuðstöðvar allra viðbragðsaðila og þær ríkisstofnanir/heilbrigðisstofnanir sem koma að aðgerðinni. Áhöfn SST í heimsfaraldri er skipuð fulltrúum viðbragðsaðila og ber almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ábyrgð á þjálfun áhafnar og skipun hennar í samvinnu við sóttvarnalækni (mynd 5-1).

5.7 Lögreglustjórar

Samkvæmt 11. gr. almannavarnalaga nr. 82/2008 er það hlutverk lögreglustjóra að fara með stjórn aðgerða þegar almannavarnaástand ríkir, hver í sínu umdæmi. Landinu er skipt upp í níu lögregluumdæmi samkvæmt reglugerð nr. 1150/2014. Áætlun vegna heimsfaraldurs byggir á lögum um almannavarnir og lögum um sóttvarnir. Í faraldri er lögreglu skylt að framfylgja ákvörðunum sóttvarnalæknis og er gert ráð fyrir náinni samvinnu umdæmislækna sóttvarna og svæða og lögreglustjóra innan sóttvarnaumdæma.


5.8 Aðgerðastjórn almannavarna


Lögreglustjóri ber ábyrgð á stjórn aðgerða í sínu umdæmi og hefur sér til aðstoðar og ráðlegginga umdæmis- eða svæðislækni sóttvarna. Aðrir í áhöfn AST vinna samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra. Þessir aðilar kalla til aðstoðarmenn eftir þörfum.

5.9 Vettvangsstjórn almannavarna

VST er skipuð af lögreglustjóra og ákveður hann samsetningu hverju sinni. Vettvangsstjóri kemur frá lögreglu. VST fer með stjórn aðgerða á vettvangi og framfylgir ákvörðunum aðgerðastjóra.

5.10 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnerfisins





Mynd 5-2 Verkpáttaskipurit almannavarna, Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd (SÁBF)

5.11 Fjölmiðlar

Vönduð upplýsingamiðlun er mikilvæg þegar aðstæður skapast sem hugsanlega ógna lýðheilsu. Upplýsingum skal miðlað á skýran og markvissan hátt af ábyrgum aðilum. Atvik getur varðað fáa en atvik getur verið það stórt að allt samfélagið bíður skaða. Óvönduð upplýsingamiðlun getur kallað fram óþarfa skelfingu. Viðbragðsaðilar eru hvattir til að gera eigin áætlun um fjölmiðlasamskipti og notkun samfélagsmiðla þegar hætta steðjar að. **Áætlunin getur verið í formi gátlista þar sem fram komi: Einkunnarorð, ábyrgð, skilgreindir upplýsingafulltrúar, helstu verkefni og verkaskipting, tenglisti með nöfnum, símanúmerum og netföngum viðbragðsaðila, aðferðir til miðlunar á upplýsingum.**

5.12 Upplýsingamiðlun

Ríkislögreglustjóri og sóttvarnalæknir eru ábyrgir fyrir stöðugri upplýsingamiðlun til almennings, fjölmiðla og annarra stjórnvalda og viðbragðsaðila. Einnig eftir því sem við á gerð fræðsluefnis og leiðbeininga til almennings um yfirstandandi almannavarnaráðstafanir. Upplýsingamiðlun fer fram um vefsíðu landlæknis, með fjölmiðlaviðtölum, útvarpsútsendingum, fréttatilkynningum, um vefsíðu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, með íbúafundum o.fl. Mikilvægt er að eiga gott samstarf við fjölmiðla og að koma upplýsingum strax til almennings til þess að mæta hættuástandi með skjótvirkum og fumlausum aðgerðum til þess að vernda virkni samfélagsins í heild. Auk þess sem reynt er að tryggja að áfall samfélagsins alls verði sem minnst og sem stystan tíma taki að koma virkni þess í samt lag á ný.

Ríkislögreglustjóri ber einnig ábyrgð á að kalla eftir upplýsingum frá öðrum stofnunum sem stjórnvöld og almenningur hafa þörf fyrir og að boða fulltrúa viðkomandi aðila til þátttöku á upplýsingafundum með fjölmiðlum og á almenna íbúafundi. Umfang starfsemi varðandi upplýsingamiðlun getur verið allt frá því að einn starfsmaður sinni því upp í að það þurfi fjölmennan hóp með aðkomu stofnana, ráðuneyta o.fl.

Meginstarfseiningar sem koma að samskiptum við fjölmiðla er varðar upplýsingamiðlun þegar lýðheilsuógn steðjar eru Samhæfingarstöðin og aðgerðastjórnir umdæma í samvinnu við aðra sem málið varðar.

5.13 Upplýsinga- og fjölmiðlateymi ríkislögreglustjóra

Upplýsinga- og fjölmiðlateymi ríkislögreglustjóra er starfrækt við Samhæfingarstöð almannavarna (SST) þegar þess er talin þörf og tekur stjórn SST ákvörðun um boðun fjölmiðlateymis. Hlutverk teymisins er að koma á framfæri upplýsingum til fjölmiðla, viðbragðsaðila og til almennings. Fjölmiðlateymi SST gerir tillögu að áætlun vegna upplýsingamiðlunar.

Við hvert atvik þarf að skilgreina hóp sem mikilvægt er að upplýsingar nái til (dæmi: Aldraðir, barnafjölskyldur, ferðamenn, íbúar ákveðins svæðis) og finna bestu leið til að miðla upplýsingum (dæmi: Vefur, sjónvarp, útvarp, dagblöð, samfélagsmiðlar, tölvupóstur, bæklingar). Að lokum þarf að kanna hvort einhver tími sólarhrings sé betri en annar til að koma upplýsingum á framfæri (dæmi: Kvöldfréttir sjónvarps). Fjórar meginreglur viðbúnaðar gilda um fjölmiðlasamskipti, sjá orðskýringar á bls. 11.

Ef þörf er talin þar á, er fjölmiðlasetur starfrækt í nágrenni vettvangs undir stjórn almannavarna.

Við fréttafutning skal sérstaklega hugað að hópum og einstaklingum sem ekki eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar.

5.14 Upplýsingavefir

Til að tryggja góða upplýsingastjórnun eru starfræktir upplýsingavefir almannavarna (www.almannavarnir.is) og embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) sem eru opnir almenningi. Þar skal birta allar almennar upplýsingar um atburði sem í gangi eru auk upplýsinga um undirbúning, viðbragðsáætlanir og annað sem að gagni kemur. Upplýsingar skulu settar beint á vefinn eftir þörfum og birtar almenningi og fjölmiðlum sem mest í rauntíma. Viðbragðsaðilar nýti samfélagsmiðla sína til að vísa í og dreifa upplýsingum frá yfirvöldum.

Auk þess starfrækir ríkislögreglustjóri aðgerðagrunn sem er aðeins fyrir þá sem eru að vinna í verkefnum tengdum atburðum eftir þörfum í hvert sinn. Um er að ræða stjórnstöðvarhugbúnað til notkunar í SST, aðgerðastjórnnum og víðar þar sem samhæfingar er þörf.

5.15 Upplýsingamiðlun við almannavarnaástand

Við almannavarnaatvik þar sem lýst er yfir almannavarnastigi er um að ræða ástand sem er yfirþyrmandi fyrir daglegan viðbúnað samfélagsins, sem ógnar lífi og heilsu fólks og samfélagsöryggi þannig að það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir daglegt líf hjá stórum hópi fólks.

Það hvort fólk upplifi sig í neyðarástandi ræðst af þeirra eigin upplifun en ekki hvort stjórnvöld meti það svo. Það hjálpar ekki til að yfirvöld sem eru í forsvari neiti að um neyðarástand hjá fólki sé að ræða. Það sem er nauðsynlegt í slíku ástandi er að almenningur sjái að í gang fari aðgerðir til að takast á við vandann og að það fái réttar upplýsingar frá ábyrgum aðilum um stöðu mála.

Mikilvægt er að stjórnvöld byggi trúverðugleika á hreinskilni, vinsemd og kurteisi og að fólk trúir á getu þeirra til að ráða við neyðarástand, einnig að komið sé fram við fólk af sanngirni og að það upplifi að björgunarfólk hafi ríka löngun til að skilja vanda þess og sýni því samhug og umhyggju.

Miðlun upplýsinga til almennings skal miða að því að fólk fái réttar upplýsingar við fyrsta tækifæri og að þær séu sem mest upplýsandi. Upplýsingamiðlun þarf að miðast við að vera eins hófstíllt og mögulegt er til þess að skapa ekki ótta, til þess að tryggja að áföll samfélagsins verði sem minnst og að koma í veg fyrir að margs konar gróusögur fari af stað. Bregðast verður við röngum upplýsingum með markvissum hætti til þess að leiðrétta rangfærslur, sefa ótta fólks og takmarka margvíslegan skaða sem þær geta haft í för með sér.

5.16 Verkefni vegna upplýsingamiðlunar

Eins fljótt og kostur er skal koma upplýsingum og viðvörðunum um yfirvofandi hættu eða vegna almannavarnaástands sem er hafið til almennings. Samhliða því skal upplýsa ríkisstjórnina um málið og hefja starfrækslu upplýsinga- og fjölmiðlamiðstöðvar. Undir verkefni miðstöðvarinnar fellur meðal annars að:

- Skipuleggja upplýsingamiðlun af hálfu stjórnvalda.
 - Tryggja samræmda upplýsingamiðlun stjórnvalda.
 - Hvernig upplýsingum verður best komið á framfæri.
 - Hvernig þörfum fjölmiðla verði mætt.
 - Hvaða sérfræðingum/ráðamönnum er mest þörf á hverju sinni.
 - Hvaða yfirlýsingar eru nauðsynlegar á hverri stundu.
 - Hvernig best verður brugðist við gróusögum og röngum fréttaflutningi.
- Útbúa og senda fréttir til fjölmiðla og fréttatilkynningar á íslensku og þeim tungumálum sem þörf er á hverju sinni.

- Taka saman stöðuskýrslur fyrir hönd stjórnenda og miðla til ráðuneyta og annarra viðkomandi aðila.
 - Sendiráðum skal einnig send þýðing á ensku eftir atvikum.
- Miðla upplýsingum jafnóðum til almennings og stjórnvalda.
- Halda úti stöðugri upplýsingamiðlun um vefsíður almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og landlæknis.
- Skipuleggja og setja upp aðstöðu fyrir upplýsinga- og fjölmiðlasetur eftir atvikum.
 - Bæði í Reykjavík sem og í nánd við vettvanginn ef það á við.
- Skipuleggja og stýra upplýsingafundum fyrir fjölmiðla og aðra viðkomandi aðila.
 - Útvega sérfræðinga til að halda erindi og svara spurningum.
 - Skipuleggja aðkomu stjórnenda.
 - Útbúa upplýsingagögn og útvega fræðsluefni um viðkomandi vá.
 - Aðstoða fjölmiðla við að skipuleggja störf sín og útvega þar til bæra viðmælendur.
- Skipuleggja íbúafundi í samvinnu við sveitarfélög og aðra.
 - Útvega rétta sérfræðinga til að taka þátt í íbúafundum.
 - Útvega nauðsynlegt fræðsluefni til að dreifa á íbúafundum.
 - Skipuleggja aðkomu ráðamanna að íbúafundum sé talið æskilegt að þeir taki þátt.
- Skipuleggja í samvinnu við aðgerðastjórn heimsóknir æðstu stjórnar og fjölmiðlaviðtöl.
- Annast útsendingar á stöðuskýrslum til erlendra samstarfsaðila almannavarna eftir því sem við á.

Starfssvæðið er landið allt. Landinu er skipt upp í sjö sóttvarnasvæði, sjá mynd 10-1. Á mynd 10-4 má sjá hvar gert er ráð fyrir lokunum vegna eða takmarkaðri umferð milli sóttvarnasvæða. Með reglugerð nr. 387/2015 um tilnefningu yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum er gefið svigrúm til að fjölga umdæmislæknum sóttvarna og mynda fleiri sóttvarnasvæði. Lögregluumdæmin eru níu og þessi áætlun gerir ráð fyrir að sóttvarnasvæðin verði einnig níu og falli þannig að lögregluumdæmum. Áætlunin gerir ráð fyrir að Vestmannaeyjar verði sérstakt sóttvarnasvæði og lögregluumdæmið á Suðurlandi verði tvö sóttvarnasvæði. Einnig er lögregluumdæmi Norðurlands skipt upp í tvö sóttvarnasvæði. Með þessum ráðstöfunum hafa sóttvarnaumdæmin verið felld að lögregluumdæmum og innan hvers sóttvarnaumdæmis/-svæðis mynda lögreglustjóri og umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna kjarnann í aðgerðastjórn (AST) umdæmis.

Aðgerðastjórn hvers sóttvarnasvæðis (lögreglustjóri og umdæmis- eða svæðislæknir sóttvarna) skrá eigin gátlista vegna heimsfaraldurs. Í gátlista sóttvarnaumdæma má finna frekari lýsingu á helstu starfssvæðum hverrar aðgerðastjórnar.

Mynd 10-1 sýnir sóttvarnasvæðin ásamt aðsetri umdæmis- og svæðislækna sóttvarna.

Mynd 10-2 sýnir lögregluumdæmin ásamt aðsetri lögreglustjóra.

Mynd 10-3 sýnir sveitarfélög á Íslandi í janúar 2019.

Mynd 10-4 sýnir hvar gert er ráð fyrir lokunum milli sóttvarnasvæða.

Í gátlista hvers sóttvarnaumdæmis eða -svæðis skal skrá helstu starfssvæði:

- Höfuðstöðvar AST innan sóttvarnaumdæma.
- Höfuðstöðvar VST innan sóttvarnasvæða.
- Dreifingarstöðvar matvæla og eldsneytis.
- Heilbrigðisstofnanir og farsóttamóttökur.
- Fjármálastofnanir og hraðbanka.
- Líkhús og söfnunarsvæði látinna.
- Kirkjur og önnur húsnæði trúfélaga.
- Lokanir á vegum á mörkum aðgerðasvæðis og einnig aðrar lokanir á vegum.
- Flugvelli og hafnir.
- Staði fyrir losun sorps (sorggámar í íbúðahverfum).
- Húsnæði björgunarsveita og Rauðakrossdeilda.

7 ÁHÆTTUMAT

Líkur á að hingað berist alvarlegur smitsjúkdómur eru töluverðar enda eru ferðalög til og frá Íslandi tíð. Fyrirfram er ekki hægt að fullyrða neitt um hversu skæður slíkur faraldur verður. Áhættumatið mótast meðal annars af alvarleika veikindanna, hversu móttækilegt fólk í samfélaginu er fyrir sýkingunni, getu veirunnar til að smita og hverjir áhættuhóparnir eru. Hægt er að draga úr alvarlegum veikindum með notkun veirulyfja og bóluefnis, ef það er aðgengilegt.

Áhættumat fyrir Ísland

Viðbragðsáætlanir hér á landi miða að því að tefja útbreiðslu faraldurs og draga úr alvarlegum afleiðingum hans en óvíst er hvort alveg verði hægt að koma í veg fyrir útbreiðslu nýs smitsjúkdóms hér á landi. Eiginleikar smitefnisins eins og smitstuðull (R_0), hvort einkennalausir eru smitandi og hversu lengi einstaklingar eru smitandi hafa meðal annars áhrif á útbreiðslu sýkingarinnar. Alvarleiki sýkingarinnar, dánarhlutfall, aðgengi að veirulyfjum og bóluefni hafa einnig áhrif á áhættumat. Áætlað er að samhæfðar viðbragðsáætlanir hér á landi fækki sjúkdómstillfellum og dragi úr alvarlegum afleiðingum faraldursins. Gera þarf ráð fyrir að atvinnulífið hér á landi geti lamast í tiltekinn tíma eða frá tveimur vikum og upp í þrjá mánuði, en með gerð viðbragðsáætlunar er reynt að lágmarka þann skaða sem sjúkdómurinn veldur hverju sinni. Þrátt fyrir að öllum tiltækum ráðstöfunum verði beitt má alltaf búast við ófyrirséðum afleiðingum. Reikna má með að fjárhagsleg afkoma heimila rýrni tímabundið, verðmæti glatist, dragi úr komu ferðamanna, sjávarfang minnki vegna skorts á vinnuafli og þjóðartekjur minnki í einhvern tíma. Almennt gerir þessi áætlun vegna heimsfaraldurs ráð fyrir að 25–50% þjóðarinnar sýkist þrátt fyrir sértækar sóttvarnaráðstafanir og að atvinnulíf lamist að hluta í tvær vikur til þrjá mánuði.

Í heimsfaraldri gerir sóttvarnalæknir áhættumat og endurtekur það svo oft sem þurfa þykir.

Áhættumatið er byggt á gögnum frá ECDC, WHO og gangi faraldurs hér á landi.

Áhættumatið er birt í upphafi hvers stöðufundar með viðbragðsaðilum og farið yfir mögulegar mótvægisáðgerðir. Endurtekið áhættumat er birt í hverri stöðuskýrslu.

Þetta kemur meðal annars fram í áhættumati:

Áhættumat, dags _____ – birt í upphafi stöðufundar og í stöðuskýrslu í heimsfaraldri			
Fjöldi:	Ísland	Veröldin	Heimild
Staðfesta tilfella			
Líklegra tilfella			
Dauðsfalla			
Með væg einkenni (ekki á sjúkrahúsi)			
Inniliggjandi á sjúkrahúsi			
Fjöldi veikra á gjörgæslu			

7.1 Vöktun og farsóttagreining í heimsfaraldri

Tilgangur með vöktun og farsóttagreiningu í heimsfaraldri er margvíslegur. Meta þarf útbreiðslu sjúkdóms, sjúkdómsbyrði í samfélaginu og greina áhættuhópa. Að auki þarf að meta árangur veirulyfjanotkunar og bólusetninga eftir að bóluefni er orðið aðgengilegt. Til greina kemur einnig að skoða árangur opinberra sóttvarnaráðstafana. Vöktun og farsóttagreining leggur þannig grunn að áhættumati sem hefur stefnumótandi áhrif á aðgerðir til að bregðast við heimsfaraldri. Upplýsingar til almennings, fagaðila og stjórnvalda um stöðu faraldurs á hverjum tíma byggja á vöktun og farsóttagreiningu.

Ýmsar leiðir eru til að vakta heimsfaraldur. Í heimsfaraldri verða veikindi tilkynningarskyld á Íslandi svo hægt sé að afla persónugreinanlegra upplýsinga með ítarlegum upplýsingum um þá sem greinast með staðfesta sýkingu. Fylgst verður með sjúkdómseinkennum og hvaða meðferð þeir fá ásamt faraldsfræðiupplýsingum. Vakta þarf innlagnir á sjúkrahús með sérstaka áherslu á innlagnir á gjörgæsludeild og upplýsingum verður safnað um einkenni, undirliggjandi sjúkdóma, fyrri bólusetningar, veirulyfjameðferð og aðra meðferð, þ.m.t. öndunaraðstoð og afdrif sjúklingsins. Í heimsfaraldri verður fylgst með dauðsföllum í sem næst rauntíma. Sú vöktun er tvíþætt, bæði þarf að rýna í dánarsök þeirra sem deyja á tímabilinu til að greina óvænt dauðsföll af völdum faraldurs og einnig þarf að fylgjast með vikulegum dánartölum. Fylgst verður með útbreiðslu faraldursins með gögnum frá heilsugæslunni og bráðamóttökum með skráningu þeirra sem leita til læknis vegna einkenna. Hver sjúkdómur hefur sérstakan kóða og nýir sjúkdómar eru einnig skráðir samkvæmt [ICD-10](#) flokkunarkerfi.

Tilkynningar berast um þá einstaklinga sem lækni gefur ICD-10 kóða fyrir greiningu í Sögu sjúkraskrá þegar lækni hefur staðfest samskiptin.

Til að afla framangreindra upplýsinga heldur sóttvarnalæknir eftirtaldar skrár um:

- Staðfest tilfelli frá sýkla- og veirufræðideild Landspítala.
- Klínískar tilkynningar um staðfest tilfelli frá læknum.
- Faraldurseinkenni, skráð í Sögu sjúkraskrá.
- Innlagnir á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir vegna faraldursins.
- Dauðsföll, þ.m.t.:
 - Dánarmeinaskrá með ítarupplýsingum.
 - Vikulegar dánartölur – ópersónugreinanlegar fjöldatölur.
- Fjöldi bólusetninga ef bóluefni er tiltækt.
- Skráningu á notkun veirulyfja bæði á veirulyfjum úr neyðarbirgðum sóttvarnalækni og veirulyfjum sem eru seld í apótekum ef viðeigandi veirulyf eru tiltæk.

Önnur óhefðbundin vöktun sem kemur til greina er að fylgjast með fjarvistum í grunnskólum landsins. Stöðug úrvinnsla og greining á þessum gögnum er nauðsynleg til að uppfæra áhættumat m.t.t. áframhaldandi aðgerða og til að upplýsa alla hlutaðeigandi.

Hluti framangreindra gagna er að auki sendur til Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem fylgjast með framgangi faraldursins og uppfæra áhættumat bæði fyrir Evrópu og allan heiminn.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir verkefnum þeirra aðila sem skyldum hafa að gegna í heimsfaraldri. Öll verkefni eru háð aðstæðum hverju sinni og getur því bæði þurft að bæta í það sem talið er upp í hverju almannavarnastigi eða sleppa einhverjum liðum. Listarnir eru alls ekki tæmandi en eru upptalning á helstu verkefnum.

Muna eftir verkefnum á fyrri stigum, þ.e. að hluti eða í heild verkefna sem talin eru upp á til dæmis óvissustigi geta líka verið verkefni á hættustigi. Sama gildir um verkefni sem eru á neyðarstigi en þangað geta fylgt verkefni sem bæði eru á óvissu- og hættustigi.

8.1 Ríkislögreglustjóri

ÓVISSUSTIG

- Bera ábyrgð á gerð og uppfærslu áætlunar vegna heimsfaraldurs í samvinnu við sóttvarnalækni.
- Stýrihópur, skipaður aðilum frá báðum embættum tekur stefnumarkandi ákvarðanir vegna heimsfaraldurs og ber fjárhagslega og faglega ábyrgð.
- Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um breytt almannavarnastig í samráði við sóttvarnalækni.
- Alþjóðadeild RLS fylgist með málinu á alþjóðavettvangi og miðlar upplýsingum til AVD-RLS.
- Fjarskiptamiðstöð RLS (FMR) fylgist með stöðu mála og miðlar upplýsingum til AVD-RLS.
- Landamæradeild fylgist með framgangi mála hjá landamærastofnunum í Evrópu

HÆTTUSTIG

- Alþjóðadeild fylgist með málinu á alþjóðavettvangi og miðlar upplýsingum til AVD-RLS.
- Sinna að öðru leyti þeim verkefnum sem þörf krefur á hættustigi.
- Fjarskiptamiðstöð RLS fylgist með stöðu mála og miðlar upplýsingum til AVD-RLS.
- Landamæradeild fylgist með framgangi mála hjá landamærastofnunum í Evrópu.
- Gera vaktaplan fyrir mönnun í SST.
- Sinna að öðru leyti þeim verkefnum sem þörf krefur á hættustigi.

NEYÐARSTIG

- Sérsvait sett í viðbragðsstöðu vegna sérstakra verkefna á neyðarstigi.
- Alþjóðadeild fylgist með málinu á alþjóðavettvangi og miðlar upplýsingum til AVD-RLS.
- Landamæradeild fylgist með framgangi mála hjá landamærastofnunum í Evrópu.
- Gera vaktaplan fyrir mönnun í SST.

8.2 Almannaþarnadeild ríkislögrelustjóra

ÓVISSUSTIG

- Kortleggja tengsl fræðsluaðila við aðrar almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu og tryggja samræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

- Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað fræðsluaðila (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nægar birgðir.
- Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum nemenda og starfsfólks í samræmi við tilmæli heilbrigðisyfirvalda og almannavarna.
- Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar, komi til lokunar.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

NEYÐARSTIG

- Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

8.36 Mennta- og menningarmálaráðuneytið – starfsemi menningarstofnana

ÓVISSUSTIG

- Allar menningarstofnanir geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum. Forstöðumaður er ábyrgur fyrir áætluninni en getur falið öðru starfsfólki gerð hennar.
- Yfirfara allar boðleiðir og gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingakerfi menningarstofnunar svo sem símasvörun, tölvupóst, nettengd kennslukerfi, heimasíðu og samskipamiðla.
- Stjórnendur fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með stofnuninni að undirbúningi.
- Kortleggja tengsl menningarstofnunar við aðrar almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu og tryggja samræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

- Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað menningarstofnunar (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nauðsynlegan búnað.
- Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum starfsfólks.
- Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar menningarstofnunar, komi til lokunar.
- Skrá sérstaklega fjarvistir starfsfólks vegna viðkomandi veikinda.

NEYÐARSTIG

- Menningarstofnanir halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn menningarstofnana haldi áfram störfum þótt gestir komi ekki vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skrá sérstaklega fjarvistir starfsfólks vegna viðkomandi veikinda.

8.37 Mennta- og menningarmálaráðuneytið – íþróttá- og æskulýðsstarfsemi

ÓVISSUSTIG

- Landsamtök geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum og að einn starfsmaður sé ábyrgur fyrir áætlunargerðinni.
- Yfirfara allar boðleiðir og gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingakerfi aðila svo sem símasvörun, tölvupóst, nettengd kennslukerfi, heimasíðu og samskiptamiðla.
- Landsamtök fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með aðila að undirbúningi.
- Landsamtök og félag kortleggja tengsl aðila við aðrar áætlanir almannavarna í sveitarfélaginu og tryggja samræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

- Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nægilegar birgðir.
- Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum starfsfólks.
- Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar aðila, komi til lokunar.
- Skrá sérstaklega fjarvistir starfsfólks vegna viðkomandi veikinda.

NEYÐARSTIG

- Á neyðarstigi halda íþróttá- og æskulýðsfélög starfsemi eins lengi og unnt er.
- Upplýsingagjöf til stjórnarfólks, þjálfara iðkenda og aðstandenda fer fram í gegn um upplýsingakerfi landssamtaka og félaga þeirra.

8.38 Seðlabankinn

ÓVISSUSTIG

- Eiga virkt samstarf við fjármálafyrirtæki í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja hvað varðar viðbrögð við breytingum á almannavarnastigi almannavarna. Hvetja fjármálafyrirtæki til gerðar eigin viðbragðsáætlunar.
- Bera ábyrgð á gerð eigin viðbragðsáætlunar og aðkomu að gerð viðbragðsáætlunar fjármálafyrirtækja varðandi þá starfshætti þeirra sem varða framkvæmd millibankagreiðslumiðlunar.
- Gera eigin viðbúnaðaráætlun vegna viðbúnaðarstarfsstöðvar í fjármálakreppu vegna heimsfaraldurs í samvinnu við eftirlitsskylda aðila (bankar og verðbréfaskráning).

HÆTTUSTIG

- Halda uppi virku og leiðbeinandi upplýsingastreymi til almennings.
- Halda virkum lykilviðskiptaháttum fyrir almenning og fyrirtæki í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja að því er varðar millibankagreiðslumiðlunina.
- Bera ábyrgð á að millibankagreiðslumiðlun í landinu virki þannig að fjármálafyrirtæki (þátttakendur í stórgreiðslu- og jöfnunarkerfum) geti þjónað viðskiptavinum, þ.e. almenningi, fyrirtækjum og stofnunum þannig að hægt sé að sinna flestum viðskiptapörfum þeirra.
- Tryggja seðladreifingu í samvinnu við innlánsstofnanir.
- Eiga aðkomu að greiðslumiðlun fjármálafyrirtækja til útlanda í samvinnu við fjármálafyrirtæki og aðra eftir því sem á þarf að halda.
- Bera ábyrgð á miðlægu uppgjöri innlendra kreditkortaviðskipta.
- Starfrækja viðbúnaðarstarfsstöð vegna fjármálakreppu í heimsfaraldri í samvinnu við Seðlabanka Íslands og eftirlitsskylda aðila (bankar og verðbréfaskráning).

NEYÐARSTIG

- Halda uppi virku og leiðbeinandi upplýsingastreymi til almennings.
- Halda virkum lykilviðskiptaháttum fyrir almenning og fyrirtæki í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja að því er varðar milligreiðslumiðlun.
- Bera ábyrgð á að millibankagreiðslumiðlun í landinu virki þannig að fjármálafyrirtæki (þátttakendur í stórgreiðslu- og jöfnunarkerfum) geti þjónað viðskiptavinum, þ.e. almenningi, fyrirtækjum og stofnunum þannig að hægt sé að sinna flestum viðskiptapörfum þeirra.
- Tryggja seðladreifingu í samvinnu við innlánsstofnanir.
- Eiga aðkomu að greiðslumiðlun fjármálafyrirtækja til útlanda í samvinnu við fjármálafyrirtæki og aðra eftir því sem á þarf að halda.
- Bera ábyrgð á miðlægu uppgjöri innlendra kreditkortaviðskipta.
- Starfrækja viðbúnaðarstarfsstöð vegna fjármálakreppu í heimsfaraldri í samvinnu við eftirlitsskylda aðila (bankar og verðbréfaskráning).

8.39 Greiðsluveitan

ÓVISSUSTIG

- Gera viðbragðsáætlun, af því marki sem varðar starfsemi Greiðsluveitunnar, í samstarfi við fjármálafyrirtæki og tækniþjónustuaðila þannig að greiðslumiðlun í landinu verði virk í heimsfaraldri í samvinnu við Seðlabanka Íslands og Reiknistofu bankanna (RB).

HÆTTUSTIG

- Bera ábyrgð á að greiðslumiðlun í landinu (virkni JK- og RÁS kerfa) virki þannig að almenningur geti sinnt flestum sínum viðskiptaþörfum í samvinnu við fjármálafyrirtæki, færsluhirða og Seðlabanka Íslands.
- Tryggja greiðslumiðlun til útlanda á vettvangi SWIFT í samvinnu við Seðlabanka Íslands og RB, tækniþjónustuveitandann.

NEYÐARSTIG

- Bera ábyrgð á að greiðslumiðlun í landinu virki þannig að almenningur geti sinnt flestum sínum viðskiptaþörfum í samvinnu við fjármálafyrirtæki, færsluhirða og Seðlabanka Íslands.
- Tryggja greiðslumiðlun til útlanda á vettvangi SWIFT í samvinnu við Seðlabanka Íslands og RB, tækniþjónustuveitandann.

8.40 Reiknistofa bankanna (RB) og aðrir birgjar (erlendir sem innlendir)

ÓVISSUSTIG

- Gera viðbragðsáætlun í samstarfi við fjármálafyrirtæki og aðra viðskiptavini Reiknistofu bankanna (RB) þannig að greiðslumiðlun í landinu verði virk í heimsfaraldri að viðhöfðu samráði við Seðlabanka Íslands.
- RB sem tæknipjónustuveitandi Seðlabanka Íslands, Greiðsluveitunnar og fjármálafyrirtækja ber að uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja eðlilega virkni og greiðslumiðlunarkerfa.

HÆTTUSTIG

- Bera ábyrgð á að greiðslumiðlun í landinu virki þannig að almenningur geti sinnt flestum sínum viðskiptaþörfum í samvinnu við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka Íslands.

NEYÐARSTIG

- Bera ábyrgð á að greiðslumiðlun í landinu virki þannig að almenningur og fyrirtæki geti sinnt flestum sínum viðskiptaþörfum í samvinnu við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka Íslands.

8.41 Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)

ÓVISSUSTIG

- Gera viðbragðsáætlun fyrir fjármálafyrirtæki og úthýsingaraðila í samvinnu við Seðlabanka Íslands.
- Gera leiðbeinandi upplýsingar til fyrirtækja til birtingar á hættu- og neyðarstigi.

HÆTTUSTIG

- Uppfæra áætlanir vegna heimsfaraldurs.
- Bera ábyrgð á virku og leiðbeinandi upplýsingastreymi til almennings. Birta upplýsingar og fræðslu ætlaðar til notkunar á hættustigi.
- Halda virkum lykilviðskiptaháttum fyrir almenning og fyrirtæki í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

NEYÐARSTIG

- Bera ábyrgð á virku og leiðbeinandi upplýsingastreymi til almennings. Birta upplýsingar og fræðslu ætlaðar til notkunar á hættustigi.
- Halda virkum lykilviðskiptaháttum fyrir almenning og fyrirtæki í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

8.42 Nasdaq verðbréfamistöð hf.

ÓVISSUSTIG

- Vinna samkvæmt eigin viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs í samvinnu við fjármálafyrirtæki (aðilum tengdum verðbréfamistöð), þ.m.t. Seðlabanka Íslands.

HÆTTUSTIG

- Vinna samkvæmt eigin viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs í samvinnu við fjármálafyrirtæki (aðilum tengdum verðbréfamistöð), þ.m.t. Seðlabanka Íslands.
- Bera ábyrgð á að uppgjör verðbréfavíðskipta geti farið fram, í samræmi við eigin viðbragðsáætlun, í samvinnu við fjármálafyrirtæki (aðilum tengdum verðbréfamistöð), þ.m.t. Seðlabanka Íslands.

NEYÐARSTIG

- Vinna samkvæmt eigin viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs í samvinnu við fjármálafyrirtæki (aðilum tengdum verðbréfamistöð), þ.m.t. Seðlabanka Íslands.
- Bera ábyrgð á að uppgjör verðbréfavíðskipta geti farið fram, í samræmi við eigin viðbragðsáætlun, í samvinnu við fjármálafyrirtæki (aðilum tengdum verðbréfamistöð), þ.m.t. Seðlabanka Íslands.

8.43 Ríkisútvarpið (RÚV)

ÓVISSUSTIG

- Fara yfir þau verkefni sem RÚV eru ætluð á hættu- og neyðarstigi heimsfaraldurs og tryggja að lágmarksviðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.

HÆTTUSTIG

- Vinna samkvæmt eigin áætlun.
- Fréttatilkynningar sendar út í samvinnu við SST.
- RÚV sendir menn til að starfa í starfsstöð RÚV í Samhæfingarstöðinni samkvæmt verklagsreglum.

NEYÐARSTIG

- Vinna samkvæmt eigin áætlun.
- Fréttatilkynningar sendar út í samvinnu við SST.
- RÚV sendir menn til að starfa í starfsstöð RÚV í Samhæfingarstöðinni samkvæmt verklagsreglum.

8.44 Póst- og fjarskiptastofnun – fjarskiptafyrirtæki

ÓVISSUSTIG

- Gera áætlun um að tryggja aðgengi að tækniþekkingu á hverju sóttvarnasvæði og að halda grunnkerfum almenna símkerfisins, farsímaneti og Interneti gangandi.
- Gera áætlun um að halda fjarskiptatengingum stofnana og fyrirtækja gangandi.

HÆTTUSTIG

- Tryggja aðgengi að tækniþekkingu á hverju sóttvarnasvæði.
- Halda grunnkerfum almenna símkerfisins, farsímaneti og Interneti gangandi.
- Fjarskiptatengingum stofnana og fyrirtækja haldið gangandi.
- Miðla upplýsingum til SST.

NEYÐARSTIG

- Tryggja aðgengi að tækniþekkingu á hverju sóttvarnasvæði.
- Halda grunnkerfum almenna símkerfisins, farsímaneti og Interneti gangandi.
- Halda fjarskiptatengingum stofnana og fyrirtækja gangandi.
- Miðla upplýsingum til SST.

8.45 Umhverfisstofnun

ÓVISSUSTIG

- Gera áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs og smithættu af úrgangi í heimsfaraldri.
- Gera verklagsreglur vegna smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs í heimsfaraldri.
- Sinna ráðgjöf til samstarfsaðila.
- Tilnefna tengiliði við samstarfsaðila vegna áætlunargerðar.
- Samræma hlutverk heilbrigðisfulltrúa og tilkynna þeim breytt almannavarnastig.
- Halda lista yfir móttökustaði úrgangs og staðsetningu sorphirðufyrirtækja.
- Gera áætlun um mönnun SST.

HÆTTUSTIG

- Miðla upplýsingum frá samstarfsaðilum til SVL og AVD-RLS.
- Tilkynna heilbrigðisfulltrúum breytt almannavarnastig.
- Vista upplýsingar á heimasíðu og uppfæra reglulega.
- Veita faglega ráðgjöf til sveitarstjórna og fagaðila.
- Undirbúa mönnun SST.
- Undirbúa virkjun áætlunar vegna meðhöndlunar úrgangs í heimsfaraldri.

NEYÐARSTIG

- Miðla upplýsingum frá samstarfsaðilum til SVL og AVD-RLS.
- Tilkynna heilbrigðisfulltrúum breytt almannavarnastig.
- Veita faglega ráðgjöf til sveitarstjórna og fagaðila.
- Manna SST.
- Virkja áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs í heimsfaraldri.

8.46 Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

ÓVISSUSTIG

- Tryggja upplýsingaflæði til starfsfólks.
- Uppfæra áætlanir heilbrigðiseftirlits er varðar órofinn rekstur á sviði hollustuhátta, mengunarvarna, matvælaeftirlits, vöktunar umhverfis og hundahalds.
- Endurskoða fyrirbyggjandi leiðbeiningar í hefðbundnu eftirliti, svo sem sótthreinsun snertiflata.
- Endurskoða allar fyrirbyggjandi leiðbeiningar er varða þrif og sótthreinsun á húsnæði og farartækjum þar sem sýktir einstaklingar hafa dvalið í samræmi við fyrirbyggjandi áhættumat.

HÆTTUSTIG

- Tryggja upplýsingaflæði til starfsfólks.
- Yfirfara birgðastöðu búnaðar.
- Yfirfara lista yfir starfsfólk; vinnusíma, netfang og heimasíma.
- Vinna samkvæmt innri áætlun um órofinn rekstur.

NEYÐARSTIG

- Tryggja upplýsingaflæði til starfsfólks.
- Tryggja upplýsingaflæði til íbúa og fyrirtækja á starfssvæðinu um það er snýr að lögboðnum verkefnum heilbrigðiseftirlitsins.
- Tryggja afköst og verklag þannig að órofin starfsemi haldist miðað við viðbragðsstig og almannaheill hverju sinni.
- Tryggja lágmörkun smits milli starfsfólks innbyrðis og milli þess og þjónustuþega með endurskipulagningu á vinnulagi miðað við viðbragðsstig.

8.47 Samorka

ÓVISSUSTIG

- Bera ábyrgð á uppfærslu viðbragðsáætlunar fyrir aðildarfyrirtæki og vinna náið með aðildarfyrirtækjum að gerð viðbragðsáætlana.
- Upplýsa veitustofnanir innan sambandsins um breytt almannavarnastig.

HÆTTUSTIG

- Tilkynna aðildarfélögum breytt almannavarnastig.
- Aðstoða aðildarfyrirtæki sambandsins við undirbúning vegna heimsfaraldurs.

NEYÐARSTIG

- Tilkynna aðildarfélögum breytt almannavarnastig.
- Aðstoða aðildarfyrirtæki sambandsins við framkvæmdir vegna heimsfaraldurs.

8.48 Samband íslenskra sveitarfélaga

ÓVISSUSTIG

- Miðla upplýsingum til sveitarstjórna um áætlanagerð vegna skólahlads, sorphirðu og fleiri áætlana í faraldri.
- Miðla upplýsingum til Hafnasambands Íslands og þaðan áfram til hafnarstjóra um heimsfaraldur.
- Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í samráðshópi áfallahjálpar sinnir upplýsingaskyldu til framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

HÆTTUSTIG

- Miðla upplýsingum til sveitarstjórna um viðbrögð við heimsfaraldri.
- Fylgjast með upplýsingagjöf og miðla upplýsingum til Hafnasambands Íslands og þaðan áfram til hafnarstjóra um heimsfaraldur
- Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, í samráðshópi áfallahjálpar, sinnir upplýsingaskyldu til framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

NEYÐARSTIG

- Miðla upplýsingum til sveitarstjórna um viðbrögð við heimsfaraldri.
- Fylgjast með upplýsingagjöf og miðla upplýsingum til Hafnasambands Íslands og þaðan áfram til hafnarstjóra um heimsfaraldur.
- Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, í samráðshópi áfallahjálpar, sinnir upplýsingaskyldu til framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8.49 Sveitarfélög

ÓVISSUSTIG

- Fylgja leiðbeiningum sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar.
- Miðla upplýsingum til starfsfólks, yfirfara áætlanir, gátlista og tengiliðalista.

HÆTTUSTIG

- Fylgja leiðbeiningum sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar.
- Miðla upplýsingum til starfsfólks og íbúa í samvinnu við upplýsingahóp almannavarna.
- Virkja viðbragðsáætlun.
- Koma á tengingu við viðbragðsaðila.

NEYÐARSTIG

- Fylgja leiðbeiningum sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar.
- Miðla upplýsingum til starfsfólks og íbúa í samvinnu við upplýsingahóp almannavarna.
- Starfa samkvæmt viðbragðsáætlun.
- Koma á tengingu við viðbragðsaðila.

8.50 Samtök atvinnulífsins

ÓVISSUSTIG

- Sinna upplýsingaskyldu til aðildarfélaga um Landsáætlun vegna heimsfaraldurs.
- Tilkynna aðildarfélögum breytt almannavarnastig almannavarna.

HÆTTUSTIG

- Sinna upplýsingaskyldu til aðildarfélaga um Landsáætlun vegna heimsfaraldurs.
- Tilkynna aðildarfélögum breytt almannavarnastig almannavarna.
- Miðla upplýsingum til aðildarfélaga um almennar sóttvarnaráðstafanir.
- Miðla listum frá embætti landlæknis um heppilegt birgðahald heimila í faraldri til Samtaka verslunar og þjónustu og til Samtaka iðnaðarins.
- Miðla listum frá Samgöngustofu yfir leigubíla og sendiferðabíla til Samtaka verslunar og þjónustu.

NEYÐARSTIG

- Sinna upplýsingaskyldu til aðildarfélaga um Landsáætlun vegna heimsfaraldurs.
- Tilkynna aðildarfélögum breytt almannavarnastig almannavarna.
- Miðla upplýsingum til aðildarfélaga um almennar sóttvarnaráðstafanir.
- Miðla upplýsingum til SST um mikilvæg fyrirtæki við dreifingu nauðsynja.
- Miðla listum frá embætti landlæknis um heppilegt birgðahald heimila í faraldri til Samtaka verslunar og þjónustu og til Samtaka iðnaðarins.
- Miðla listum frá Samgöngustofu yfir leigubíla og sendiferðabíla til Samtaka verslunar og þjónustu.

8.51 Samtök launafólks (ASÍ, BHM, BSRB o.fl.)

ÓVISSUSTIG

- Afla sér upplýsinga um áætlanagerð vegna heimsfaraldurs.
- Sinna upplýsingaskyldu gagnvart sínum félagsmönnum um ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur í heimsfaraldri.

HÆTTUSTIG

- Gæta réttinda launafólks vegna sérstakra aðstæðna í heimsfaraldri.
- Sinna upplýsingaskyldu gagnvart sínum félagsmönnum um ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur í heimsfaraldri.

NEYÐARSTIG

- Gæta réttinda launafólks vegna sérstakra aðstæðna í heimsfaraldri.
- Sinna upplýsingaskyldu gagnvart sínum félagsmönnum um ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur í heimsfaraldri.

8.52 Rauði krossinn á Íslandi

ÓVISSUSTIG

- Gera áætlun um aukna virkni upplýsingasímans 1717.
- Gera áætlun um þökkun neyðarmatvælapakka samkvæmt lista frá embætti landlæknis um heppilegt birgðahald heimila í faraldri.
- Fulltrúi RKÍ boðar til fundar í samráðshópi áfallahjálpar, samkvæmt samningi embættis landlæknis, Landspítala, Biskupsstofu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og RKÍ frá 10. desember 2013. Útkallshópur skipaður vegna verkefnis um sálrænan stuðning.
- Uppfæra búnaðarlista fyrir sjúkrabifreiðar. Uppfæra skrár yfir staðsetningu sjúkrabifreiða á landinu. Tryggja nægilegan fjölda sjúkrabifreiða samkvæmt samningi milli RKÍ og HRN.
- Gera áætlun um mönnun fulltrúa RKÍ í SST.

HÆTTUSTIG

- Undirbúa aukna virkni upplýsingasímans 1717.
- Undirbúa neyðarmatvælapökkun og framkvæma neyðarmatvælapökkun í samvinnu við almannavarnadeild RLS og dreifendur nauðsynja, samkvæmt lista frá embætti landlæknis yfir heppilegt birgðahald heimila í faraldri.
- Uppfæra búnaðarlista fyrir sjúkrabifreiðar. Uppfæra skrár yfir staðsetningu sjúkrabifreiða á landinu. Tryggja nægilegan fjölda sjúkrabifreiða og búnað í þeim samkvæmt samningi sem gildir milli RKÍ og HRN. Samstarf við rekstraraðila ef á þarf að halda.
- Samráðshópur áfallahjálpar tekur til starfa undir stjórn fulltrúa RKÍ ef tilefni er til.
- Manna stöður RKÍ í SST.

NEYÐARSTIG

- Efla svörun upplýsingasímans 1717.
- Framkvæma neyðarmatvælapökkun í samvinnu við almannavarnadeild RLS og dreifendur nauðsynja, samkvæmt lista frá embætti landlæknis yfir heppilegt birgðahald heimila í faraldri.
- Sjá um dreifingu neyðarmatvæla í samvinnu við Samgöngustofu og almannavarnadeild RLS.
- Uppfæra búnaðarlista fyrir sjúkrabifreiðar og skrár yfir staðsetningu sjúkrabifreiða á landinu. Tryggja nægilegan fjölda sjúkrabifreiða samkvæmt samningi við HRN. Samstarf við rekstraraðila sjúkraflutninga ef á þarf að halda.
- Samráðshópur áfallahjálpar starfar undir stjórn fulltrúa RKÍ ef tilefni er til.
- Manna stöður RKÍ í SST.

8.53 Slysavarnafélagið Landsbjörg

ÓVISSUSTIG

- Landsstjórn: Undirbúa mönnun björgunarsveitanna við gæslu á lokunarpóstum við sóttvarnalínur.
- Landsstjórn/svæðisstjórnir: Undirbúa mönnun björgunarsveitanna vegna gæslu við mikilvægar stofnanir og fyrirtæki.
- Landsstjórn: Gera áætlun um stuðning við sjúkraflutninga í samvinnu við björgunarsveitir og rekstraraðila sjúkraflutninga.
- Landsstjórn: Flokka bifreiðar aðildarsveita í b, c, d bifreiðar.
- Landsstjórn: Kanna þörf fyrir sóttvarnabúnað félagsmanna.

HÆTTUSTIG

- Landsstjórn/svæðisstjórnir: Vinna með aðildarsveitum að skipulagningu vegna mönnunar á lokunarpóstum yfir sóttvarnalínur.
- Landsstjórn/svæðisstjórnir: Vinna með aðildarsveitum vegna mönnunar öryggisgæslu við stofnanir og fyrirtæki.
- Landsstjórn/svæðisstjórnir: Vinna með aðildarsveitum að skipulagi vegna stuðnings við sjúkraflutninga.
- Tryggja mönnun í sína verkþætti í SST, AST og VST.

NEYÐARSTIG

- Björgunarsveitir manna lokunarpósta í samvinnu við AST.
- Björgunarsveitir mynda varalið fyrir rekstraraðila sjúkraflutninga og sinna sjúkraflutningum undir stjórn AST.
- Björgunarsveitir sinna öryggisvörslu mikilvægra fyrirtækja og stofnana undir stjórn AST.
- Björgunarsveitir eru hluti af varaliði lögreglu vegna annarra aðkallandi verkefna.
- Tryggja mönnun í sína verkþætti í SST, AST og VST.

8.54 Fangelsismálastofnun

ÓVISSUSTIG

- Gera viðbúnaðaráætlun þar sem farið er yfir þörf á viðbúnaði með tilliti til sóttvarnasvæða sem og hvort mögulegar svæðalokanir kunni að hafa áhrif á starfsemi fangelsa.
- Hvetja forstöðumenn fangelsa til að koma á tengslum við sóttvarnalækna og lögreglustjóra innan umdæmis stofnunarinnar og yfirfara viðbúnaðaráætlanir.
- Tryggja að forstöðumenn fangelsa hafi undir höndum allar nauðsynlegar upplýsingar um nauðsynleg viðbrögð á hættu- og neyðarstigi.

HÆTTUSTIG

- Fangelsismálastofnun vinnur samkvæmt eigin viðbúnaðaráætlun.

NEYÐARSTIG

- Fangelsismálastofnun vinnur samkvæmt eigin viðbúnaðaráætlun.

8.55 Þjóðkirkjan

ÓVISSUSTIG

- Upplýsa presta um áætlun vegna heimsfaraldurs og þeirra hlutverk í henni.
- Vinna að gerð sálgæsluáætlunar fyrir aðstandendur látinna.
- Koma á tengslum við önnur trúfélög vegna sálgæslu.

HÆTTUSTIG

- Fræða presta um verklag við útför í heimsfaraldri.

NEYÐARSTIG

- Tryggja samskiptaleiðir þeirra er sinna útfararþjónustu og sálgæslu aðstandenda.
- Fræða presta um verklag við útför í faraldri.

8.56 Útfararþjónusta

ÓVISSUSTIG

- Gera áætlun um flutning látinna í heimsfaraldri í samræmi við áhættumat SVL.
- Gera áætlun um meðhöndlun látinna í heimsfaraldri í samræmi við áhættumat SVL.
- Gera boðunarskrá yfir helstu samstarfsaðila og vinna með hópslysanevnd Þjóðkirkjunnar að frekari áætlanagerð.

HÆTTUSTIG

- Uppfæra áætlanir um flutning látinna og meðhöndlun látinna í samvinnu við hópslysanevnd Þjóðkirkjunnar.
- Birgja sig upp af nauðsynlegum vörum vegna meðhöndlunar látinna.
- Uppfæra boðunarskrár.

NEYÐARSTIG

- Veita útfararþjónustu í samræmi við fyrirmæli SVL.

8.57 Vinnumálastofnun

ÓVISSUSTIG

- Upplýsa alla um viðbragðsáætlanir, draga úr ferðalögum milli starfsstöðva, sérstaklega greiðsluskrifstofanna á Skagaströnd og Hvammstanga sem gegna lykilhlutverki við afgreiðslu atvinnuleysisbóta og fæðingarorlofsgreiðslna.
- Þjónustuþegar hvattir til að nýta sér rafræna þjónustu.

HÆTTUSTIG

- Almennir upplýsingafundir verða einungis í boði á Netinu.
- Fresta öllum viðtölum við þjónustuþega sem hægt er.
- Sinna erindum frekar í gegnum síma eða tölvur en að boða fólk á skrifstofu. Taka öll viðtöl sem unnt er í síma eða með fjarfundabúnaði.
- Allir starfsmenn Vinnumálastofnunar sem hafa fengið fartölvur vegna viðbragðsáætlunar við vá, skulu taka fartölvur sínar heim að loknum vinnudegi.

NEYÐARSTIG

- Komi til þess að almannavarnir lýsi yfir neyðarstigi vegna útbreiðslu veirunnar á Íslandi mun Vinnumálastofnun og þjónustuskrifstofum hennar lokað fyrir almenna afgreiðslu og þjónustan flutt í síma eða tölvur að svo miklu leyti sem hægt er. Aukin áhersla á að manna síma og að svara fyrirspurnum sem berast rafrænt.
- Forgangsráði er að greiða framfærslu, þ.e. atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur og laun starfsmanna. Unnið er að því að einfalda ferlið til að einstakir starfsmenn geti unnið að heiman verði stofnuninni lokað.
- Tilteknir starfsmenn munu því vinna að heiman eða á skrifstofu. Starfsmenn munu geta haft samband við aðra starfsmenn í gegnum Workplace, innra net stofnunarinnar.
- Þessir starfsmenn fá fartölvur og VPN-tengingu heim með aðgangi að hinum ýmsu tölvukerfum, svo sem Oracle bókhalds- og launakerfi, Alsam, greiðslukerfi banka o.fl.
- Ef starfsmaður forfallast vegna veikinda er annar starfsmaður ávallt tiltækur til að ganga í hans störf.
- Allar áætlanir stofnunarinnar miða að því að ekki verði truflun á greiðsluflæði grunnframfærslu skjólstæðinga og starfsmanna.

8.58 Tryggingastofnun ríkisins (TR)

ÓVISSUSTIG


- Gera áætlun um að tryggja aðgengi starfsfólks að tölvukerfum TR með fjartengingu.
- Viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki og upplýsingamiðlun efld.
- Gera áætlun um þjónustustig stofnunarinnar.

HÆTTUSTIG

- Tryggja að viðskiptavinir TR fái mánaðarlegar greiðslur.
- Halda grunnþjónustu TR gangandi.
- Tryggja rekstur tækniumhverfis og gagnagrunna.


NEYÐARSTIG

- Komi til þess að almannavarnir lýsi yfir neyðarstigi vegna útbreiðslu veirunnar á Íslandi mun TR fylgja fyrirmælum stjórnvalda um starfsemi opinberra stofnana.
- Tryggja að viðskiptavinir TR fái mánaðarlegar greiðslur en mögulega mun hægja á afgreiðslu mála.
- Halda rafrænni þjónustu TR gangandi.
- Tryggja rekstur tækniumhverfis og gagnagrunna.



Mynd 9-1 Samskiptaleiðir í heimsfaraldri

Mynd 9-2 Fjarskiptaskipulag TETRA vegna heimsfaraldurs



9.1 Samskiptaleiðir í heimsfaraldri

Áætlun þessi gerir ráð fyrir ákveðnu flæði upplýsinga og ferli samskipta samkvæmt mynd 9-1. Samhæfingarstöð/sóttvarnalæknir og aðgerðastjórnir umdæma og umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna gegna lykilhlutverki í miðlun upplýsinga. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna bera ábyrgð á miðlun upplýsinga innan sinna sóttvarnaumdæma/-svæða í samvinnu við lögreglustjóra og sóttvarnalæknir ber ábyrgð á miðlun upplýsinga á landsvísu í samvinnu við almannavarnadeild ríkis-lögreglustjóra.

9.2 Talhópaskipulag TETRA


Samhæfingarstöðin (SST) og aðgerðastjórnir umdæma (AST) eru með samskipti á **SST – Blár**. Þegar SST hefur verið virkjuð er þessi talhópur notaður til að eiga samskipti við stöðina.

Aðgerðastjórnir umdæma hafa eigin talhópa til umráða og aðgerðastjórnir hefur skráðan talhópinn **AST-X við sínar vettvangsstjórnir**. Mynd 9-2 sýnir TETRA talhópaskipulag innan umdæmis. Vettvangsstjórnir innan þessa umdæmis hafa samskipti við verkþáttastjóra sem verður úthlutað eftir atvikum á talhópnum **Av-NL_2**. Talhópurinn **SST - Rauður** er ætlaður heilbrigðisstarfsmönnum við heilbrigðisstarfsmenn í SST (sóttvarnalæknir) og AST (umdæmislæknir sóttvarna) og aðra heilbrigðisstarfsmenn.

9.3 Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna. Aðsetur og vinnustaður

Sóttvarnaumdæmi eða -svæði	Umdæmis- og svæðislæknar	Aðsetur	Vinnustaður
Austurland	Umdæmislæknir	HSA Egilsstöðum	Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)
	Svæðislæknir	HSA Egilsstöðum	
Höfuðborgarsvæðið	Umdæmislæknir	Heilsugæsla HH	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis (HH)
	Svæðislæknir	Heilsugæsla HH Garðabær	
Norðurland	Umdæmislæknir	HSN Sauðárkrókur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)
	Svæðislæknir	HSN Akureyri	
	Svæðislæknir	HSN Húsavík	
Suðurland	Umdæmislæknir	HSU Vestmannaeyjum	Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU)
	Svæðislæknir	HSU Hveragerði	
	Svæðislæknir	HSU Selfossi	
	Svæðislæknir	HSU Hellu/Hvolsvelli	
	Svæðislæknir	HSU Höfn	
Suðurnes	Umdæmislæknir	HSS Grindavík	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS)
Vestfirðir	Umdæmislæknir	HVest Ísafirði	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVest)
Vesturland	Umdæmislæknir	HVE Akranesi	Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE)
	Svæðislæknir	HVE Borgarnesi	
	Svæðislæknir	HVE Búðardal	
	Svæðislæknir	HVE Hvammstanga	

Tafla 9-1 Aðsetur umdæmis- og svæðislækna sóttvarna



Mynd 10-1 Sóttvarnaumdæmin og aðsetur umdæmis- og svæðislækna sóttvarna samkvæmt reglugerð nr. 387/2015

Höfuðborgarsvæðið: Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Garðabær og Hafnarfjarðarkaupstaður.

Vesturland: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur og Húnaþing vestra.


Vestfirðir: Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.

Norðurland: Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarkaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð (að frátöldum fyrrum Skeggjastaðahreppi).

Austurland: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur og fyrrum Skeggjastaðahreppur.

Suðurland: Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að frátöldu fyrrum sveitarfélaginu Þingvallasveit, Hrunamannahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær.

Suðurnes: Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær, Grindavíkurbær og Sveitarfélagið Vogar.



Mynd 10-2 Lögregluumdæmin og aðsetur lögreglustjóra samkvæmt reglugerð nr. 1150/2014

Höfuðborgarsvæðið: Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.

Vesturland: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.

Vestfirðir: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldraneshreppur og Strandabyggð.

Norðurland vestra: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.


Norðurland eystra: Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Austurland: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

Suðurland: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.

Vestmannaeyjar: Vestmannaeyjabær.

Suðurnes: Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.



Mynd 10-4 Ráðlagðir lokunarstaðir á vegum á milli lögregluumdæma í heimsfaraldri. Ákvörðun lokunar er tekin af sóttvarnalækni í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Listi yfir ráðlagða lokunarstaði:

Reykjanesbraut við Straum, Krísuvíkurvegur norðan Djúpavatsleiðar, Krísuvíkurvegur við Geitahlíð, Hvalfjarðargöng að sunnanverðu, Hvalfjörður við Þyril, Uxahryggjavegur, Kaldadalsvegur og línuvegur, Hringvegur við Brú í Hrótafirði, Vegamót Djúpvegar og Laxárdalsvegur, Vegamót Vestfjarðavegar og Steinadalsvegur F578, Arnarvatnsheiði við Strút, Siglufjarðarvegur milli Siglufjarðar og Fljóta, Hringvegur á Öxnadalsheiði, F35 Kjalvegur við Dúfunefsfall, F752 Skagafjarðarleið við Laugafell, Sprengisandur vestari leið við Fjórðungsvatn, Sprengisandur við Gæsavatnaleið, Norðausturvegur nr. 85 á Sandvíkurheiði, Hringvegur við Ytri-Grímsstaðanúp, Brú á Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga, Hringvegur við Hvalnes, Þingvallavegur við Brúsastaði, Grafningsvegur við Hagavík, Hringvegur við Litlu kaffistofuna.

11 DREIFINGARLISTI

Áætlun um heimsfaraldur er ekki dreift á pappír.

Áætlunin er vistuð á vef almannavarna, www.almannavarnir.is og vísað í hana með tengli á vef embættis landlæknis. Útdráttur á íslensku er einnig vistaður á vef embættis landlæknis.

Þeir aðilar sem nefndir eru í þessari áætlun fá sendar tilkynningar um allar breytingar á áætluninni og eru jafnframt hvattir til þess að vista áætlunina á vefsíðum sínum og uppfæra um leið og tilkynning berst.

Útdráttur er vistaður á ensku á vefsíðu Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins: www.ecdc.eu

12 BREYTINGASAGA

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/breytingar	Fært inn
Útgáfa 1.0	28.03.2008	Fyrsta útgáfa undirrituð.	28.03.2008
Útgáfa 2.0	08.03.2016	Útgáfa 2. gefin út.	08.03.2016
Útgáfa 3.0	05.03.2020	Útgáfa 3. gefin út sem alhiða áætlun fyrir heimsfaraldur af öllum toga.	05.03.2020

Tafla 12-1 Breytingasaga skjalsins

13 VIÐAUKAR

13.1 Listi yfir æskilegt birgðahald heimila í heimsfaraldri

Gefið út af embætti landlæknis, lýðheilsusviði. Yfirlesið í febrúar 2020.

Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir rafmagni og rennandi vatni.

Dæmi um matvörur með langt geymsluþol:

- Niðursuðuvörur tilbúnar til neyslu, kjötréttir, fiskréttir, grænmeti, ávextir, baunir og súpur.
- Grænmetissúpur og kartöflumús í pakka.
- G-mjólk og ávaxtasafi með langt geymsluþol.
- Kornvörur, pasta og hrísgrjón.
- Morgunkorn, músli og haframjöl.
- Hrökkbrauð og kex.
- Þurrkaðir ávextir.
- Hnetusmjör, hnetur.
- Matarolía.
- Ungbarnafæða í krukum, ungbarnagrautar og ungbarnamjólk, ef ungbarn er á heimilinu.
- Önnur matvara með langt geymsluþol.
- Gæludýrafóður, ef gæludýr er á heimilinu.

13.2 Matarpakkar til heimila í sóttkví eða einangrun

Hér má finna fjóra ráðgefandi lista yfir áætlaða matarpörf einstaklings og fjölskyldna af mismunandi stærð, í eina viku. Þeir sem eru á sérstöku fæði eða með fæðuofnæmi þurfa að aðlagast listann að sínum aðstæðum.

Listi 1

Matarpakki fyrir heimili sem eru í einangrun/sóttkví í eina viku

Einn fullorðinn

Þurrvörur

250 g haframjöl
100 g músli
1 pakki af grófu hrökkbrauði (500 g)
1 pakki kex (400 g)
½ pakki kartöflumúsaduft (50 g, 2 skammtar, með stroganoff og pylsum)
125 g hrísgrjón (hýðis/hvít, með niðursoðnum baunum og fiskibollum)
100 g pasta (heilhveiti/venjulegt, með túnfisk og grænmeti)
½ stór poki þurrkaðir ávextir blandaðir (250 g)
100 g hnetur (ekki fyrir þriggja ára og yngri, athuga hættu á að standi í hálsi barna)
¼ pk stroganoff/annar þurrblöndupakki (notist með fersku kjöti og kartöflumús)
½ pk pastaréttur með kjöti þurrvara í pakka (notist eitt og sér)
½ pk grænmetissúpa í pakka (t.d. aspas, blómkál, annað)
50 g strásykur (eða lítill pakki)
Kaffi og te

Ferskar vörur

1 l súrmjólk/léttisúrmjólk/ab-mjólk/létt ab-mjólk
½ pakki smjörvi (150 g)
500 g ostur
150 g nautagúllas, hakk eða annað ferskt kjöt
1 stk. „skyndiréttur“ (t.d. hakkbollur)
1,0–1,25 kg ferskt grænmeti
t.d. 1 pakki tómatar, 2–3 paprikur og 1 agúrka
1 samlokubrauð gróft (alls u.þ.b. 700 g)

Niðursuðuværa/geymsluþolin vara

1 l g-mjólk
1,5 l ávaxtasafi 100% hreinn (með löngu geymsluþoli)
½ lítil ferna ávaxtagrautur (250 ml)
½ pakki lifrarkæfa (u.þ.b. 100 g)
½ lítill pakki pylsur (2,5 stk.)
½ krukka hnetusmjör (u.þ.b. 100 g)
½ krukka marineruð síld, lítil (u.þ.b. 60 g)
½ dós túnfiskur í vatni/olíu (90 g) (notist með pasta)
½ lítil dós niðursoðnar fiskibollur í dós (u.þ.b. 200 g með öllu í dósinni)
½ dós bakaðar baunir í tómatsósu (u.þ.b. 200 g)
1 dós blandað niðursoðið grænmeti (480 g)
250 g niðursoðnir ávextir
50 ml matarolía
50 g berjasulta

Listi 2

Matarpakki fyrir heimili sem eru í einangrun/sóttkví í eina viku

6–12 ára barn (2.000 kcal/dag)

Purrvörur

200 g haframjöl
85 g músli
0,85 pakki af grófu hrökkbrauði (400 g)
0,85 pakki kex (330 g)
40 g kartöflumúsaduft (2 skammtar, með stroganoff og pylsum)
100 g hrísgrjón (hýðis/hvít, með niðursoðnum baunum og fiskibollum)
85 g pasta (heilhveiti/venjulegt, með túnfisk og grænmeti)
200 g þurrkaðir ávextir blandaðir
85 g hnetur (ekki fyrir eins árs og yngri, athuga hættu á að standi í hálsi barna)
¼ pk stroganoff/annar þurrblöndupakki (notist með fersku kjöti og kartöflumús)
½ pk pastaréttur með kjöti þurrvara í pakka (notist eitt og sér)
0,5 pk grænmetissúpa í pakka (t.d. aspás, blómkál, annað)
40 g strásykur (eða lítill pakki)

Ferskar vörur

0,85 l súrmjólk/léttsúrmjólk/ab-mjólk/létt ab-mjólk
2 l léttmjólk (til drykkjar fyrir börnin)
125 g smjörvi
415 g ostur
125 g nautagúllas, hakk eða annað ferskt kjöt
1 stk „skyndiréttur“ (t.d. hakkbollur)
1 kg ferskt grænmeti
t.d. 1 pakki tómatar, 2 paprikur og 1 agúrka
0,85 samlokubrauð gróft (alls u.þ.b. 600 g)

Niðursoðuvara/geymsluþolin vara

0,85 l g-mjólk
1,250 l ávaxtasafi 100% hreinn (með löngu geymsluþoli)
Tæplega ½ lítil ferna ávaxtagrautur (200 ml)
Tæplega ½ pakki lifrarkæfa (u.þ.b. 85 g)
2 pylsur
Tæplega ½ krukka hnetusmjör (u.þ.b. 85 g)
Tæplega ½ krukka marineruð síld, lítil (u.þ.b. 50 g)
Tæplega ½ dós túnfiskur í vatni/olíu (75 g) (notist með pasta)
Tæplega ½ lítil dós niðursoðnar fiskibollur í dós (u.þ.b. 170 g með öllu í dósinni)
Tæplega ½ dós bakaðar baunir í tómatósósu (u.þ.b. 170 g)
0,85 dós blandað niðursoðið grænmeti (400 g)
200 g niðursoðnir ávextir
40 ml matarolía
40 g berjasulta

Listi 3

Matarpakki fyrir heimili sem eru í einangrun/sóttkví í eina viku

1–5 ára barn (1.200 kcal/dag)

Purrvörur

125 g haframjöl
50 g músli eða annað morgunkorn með súrmjólk
½ pakki af grófu hrökkbrauði (250 g)
½ pakki kex (200 g)
¼ pakki kartöflumúsaduft (25 g, 2 skammtar, með stroganoff og pylsum)
60 g hrísgrjón (hýðis/hvít, með niðursoðnum baunum og fiskibollum)
50 g pasta (heilhveiti/venjulegt, með túnfisk og grænmeti)
¼ stór poki þurrkaðir ávextir blandaðir (125 g)
¼ pk stroganoff/annar þurrblöndupakki (notist með fersku kjöti og kartöflumús)
¼ pk pastaréttur með kjöti þurrvara í pakka (notist eitt og sér)
¼ pk grænmetissúpa í pakka (t.d. aspás, blómkál, annað)
25 g strásykur (eða lítill pakki)

Ferskar vörur

½ l súrmjólk/léttisúrmjólk/ab-mjólk/létt ab-mjólk
2 l léttmjólk/nýmjólk (til drykkjar fyrir börnin)
¼ pakki smjörvi (75 g)
250 g ostur
75 g nautagúllas, hakk eða annað ferskt kjöt
½ „skyndiréttur“ (t.d. hakkbollur)
½ kg ferskt grænmeti
t.d. ½ pakki tómatar, 1-2 paprikur og ½ agúrka
½ samlokubrauð gróft (alls u.þ.b. 350 g)

Niðursuðuvara/geymsluþolin vara

0,5 l g-mjólk
750 ml ávaxtasafi 100% hreinn (með löngu geymsluþoli)
¼ lítil ferna ávaxtagrautur (125 ml)
¼ pakki lifrarkæfa (u.þ.b. 50 g)
1,5 pylsur
¼ krukka hnetusmjör (u.þ.b. 50 g)
¼ dós túnfiskur í vatni/olíu (45 g) (notist með pasta)
¼ lítil dós niðursoðnar fiskibollur í dós (u.þ.b. 100 g með öllu í dósinni)
¼ dós bakaðar baunir í tómatósu (u.þ.b. 100 g)
½ dós blandað niðursoðið grænmeti (240 g)
125 g niðursoðnir ávextir
25 ml matarolía
25 g berjasulta

Listi 4

Matarpakki fyrir heimili sem eru í einangrun/sóttkví í eina viku

Tveir fullorðnir og tvö börn, 1–5 ára og 6–12 ára

Purrvörur

1 kg haframjöl
350 g músli
4 pakkar af grófu hrökkbrauði (1 kg)
4 pakkar kex (400 g)
2 pk kartöflumúsaduft (200 gr, 10 skammtar, með stroganoff og pylsum)
600 g hrísgrjón (hýðis/hvít, með niðursoðnum baunum og fiskibollum og í hrísgrjónagraut)
350 g pasta (heilhveiti/venjulegt, með túnfisk og grænmeti)
1 kg stór poki þurrkaðir ávextir blandaðir
300 g hnetur (ekki fyrir þriggja ára og yngri, athuga hættu á að standi í hálsi barna)
1 pk stroganoff/annar þurrblöndupakki (notist með fersku kjöti og kartöflumús)
2 pk pastaréttur með kjöti þurrvara í pakka (notist eitt og sér)
4 pk grænmetissúpur í pakka (t.d. aspás, blómkál, annað)
200 g strásykur (eða lítill pakki)
Kaffi og te

Ferskar vörur

4 l súrmjólk/léttisúrmjólk/ab-mjólk/létt ab-mjólk
4 l léttmjólk/nýmjólk (til drykkjar fyrir börnin)
2 pakkar smjörvi
2 kg ostur
500 gr nautagúllas, hakk eða annað ferskt kjöt
4 stk „skyndiréttur“ (t.d. hakkbollur)
4 kg ferskt grænmeti
t.d. 4 pakkar tómatar, 8 paprikur og 3 agúrkur
3,5 samlokubrauð gróft (u.þ.b. 2,5 kg)

Niðursuðuvara/geymsluþolin vara

4 l g-mjólk
5 l ávaxtasafi 100% hreinn (með löngu geymsluþoli)
1 stór ferna ávaxtagrautur
2 pakkar lifrarkæfa
1 stór pakki pylsur (10 stk)
1 krukka hnetusmjör (225 g)
1 krukka marineruð síld, lítil (125 g)
2 dósir túnfiskur í vatni/olíu (185 g) (notist með pasta)
1 stór dós niðursoðnar fiskibollur í dós
2 dósir bakaðar baunir í tómatósu
3 dósir blandað niðursoðið grænmeti (alls 960 g)
500 g niðursoðnir ávextir
150 ml matarolía (eða lítill flaska)
200 g berjasulta (eða ein krukka)

Listi 5

Ungbörn, 0–1 árs

Nauðsynlegt er að taka sérstakt tillit til barna á fyrsta aldursári ef þau eru á heimilinu, sérstaklega þeirra barna sem ekki eru á brjósti. Fyrir börn yngri en fjögurra mánaða sem ekki eru á brjósti þarf eingöngu að gera ráð fyrir ungbarnamjólk (þurrmjólk eða tilbúin blanda). Fyrir 4–6 mánaða börn sem ekki eru á brjósti getur þurft til viðbótar við ungbarnamjólk að gera ráð fyrir ungbarnagraut og e.t.v. ungbarnamauki í krukku (ávaxta- og grænmetismauk), allt eftir þörfum barnsins. Gert er ráð fyrir krukumat við þessar aðstæður. Það getur einnig dugað fyrir 6–9 mánaða gamalt barn en þá bætast við, til viðbótar við ávaxta- og grænmetismauk, fleiri tegundir af mauki, til dæmis kjöt og fiskur og í meira magni.

3. útgáfa, embætti landlæknis, lýðheilsusvið, febrúar 2020.

13.3 Gátlisti – órofinn rekstur fyrirtækja

Þessum gátlista er ætlað að vera stuðningur fyrirtækja við áætlanagerð vegna mannskæðra heimsfaraldra.

Áætlanagerð um órofinn rekstur er hluti af daglegu starfi hvers framkvæmdastjóra. Sífelld fleiri gera sér grein fyrir því að einn af styrkleikum fyrirtækja felst í því að geta brugðist við ófyrirséðum atburðum á árangursríkan hátt.

Þessi gátlisti er viðauki við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs. Gátlistinn var fyrst gefinn út árið 2008 vegna yfirvofandi heimsfaraldurs en hefur nú verið uppfærður og getur gagnast í heimsfaraldri af ólíkum toga. Þessi gátlisti var í upphafi gerður fyrir Írland en hefur verið þýddur og staðfærður fyrir Ísland með fullri heimild frá Írum.

Ábyrgðaraðilar fyrirtækja/stofnana geta notfært sér þennan gátlista til að fara eftir við gerð áætlana um órofinn rekstur sinna fyrirtækja/stofnana og bera ábyrgð á söfnun upplýsinga, gerð verklagsreglna, prófun á áætlun og uppfærslu hennar. Athugið að þessi gátlisti er hugsaður sem verkfæri fyrir ábyrgðaraðila og getur aldrei verið endanlegur.

Sóttvarnalæknir, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins höfðu samstarf við gerð þessa gátlista. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á uppfærslu gátlistans og vistun hans í samstarfi við framangreinda aðila.



Mars 2020

1. Að gera neyðaráætlun vegna heimsfaraldurs

Ekki byrjað	Í vinnslu	Lokið	Á ekki við	1.0	
				1.1	Fyrirtæki/stofnun velur ábyrgðaraðila áætlunarinnar.
				1.2	Ábyrgðaraðili safnar saman og heldur utan um upplýsingar um heimsfaraldur: landlaeknir.is , almannavarnir.is , ecdc.eu , who.int
				1.3	Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á gerð áætlunar í samræmi við Landsáætlun almannaþinga sem vistuð er á almannavarnir.is
				1.4	Ábyrgðaraðili gerir áhættumat í samræmi við áhættumat sóttvarnalæknis, landlaeknir.is
				1.5	Ábyrgðaraðili staðfestir lista yfir birgja í mikilvægisröð. Ábyrgðaraðili ráðfærir sig við birgja fyrirtækis/stofnunar, ef við á.
				1.6	Við gerð áætlunarinnar ráðfærir ábyrgðaraðili sig við aðila innan fyrirtækisins/stofnunar, meðal annars trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn.
				1.7	Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að áætlun sé kynnt fyrir starfsmönnum.
				1.8	Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á reglulegum æfingum vegna áætlunarinnar.
				1.9	Ábyrgðaraðili deilir góðri framkvæmd með öðrum fyrirtækjum/stofnunum.
				1.10	Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á uppfærslu áætlunarinnar.

2. Rekstrarlegir þættir í áætlanagerðinni

Ekki byrjað	Í vinnslu	Lokið	Á ekki við	2.0	
				2.1	Skilgreina mikilvæga starfsemi og „lykilstarfsmenn“.
				2.2	Meta mögulegan fjölda starfsmanna frá vinnu miðað við gefið áhættumat sóttvarnalæknis. Meta áhættuna eftir deildum/rekstrareiningum.
				2.3	Meta áhrifin á fyrirtækið ef birgjar loka í ákveðinn tíma.
				2.4	Meta áhrifin á markað fyrirtækisins ef það lokar í ákveðinn tíma.
				2.5	Skilgreina óumflýjanlegar aðgerðir.
				2.6	Setja reglur um nauðsynleg fundarhöld í faraldri.
				2.7	Meta hvort einstakir starfsmenn hafi ákveðnar sérþarfir sem þarf að uppfylla þrátt fyrir faraldur.
				2.8	Setja reglur um ferðalög starfsmanna í faraldri.
				2.9	Meta áhrif faraldurs á fjármálastjórnun fyrirtækis.
				2.10	Skilgreina hverjir eru háðir þjónustu fyrirtækisins í faraldri.
				2.11	Við hvaða aðstæður í faraldri mundi fyrirtækið hugsanlega loka eða draga verulega saman seglin.

3. Aðgerðir til þess að viðhalda rekstri í faraldri

Ekki byrjað	Í vinnslu	Lokið	Á ekki við	3.0	
				3.1	Tilnefna fulltrúa í hverri deild/rekstrareiningu sem ábyrgðaraðila vegna innleiðingar á áætlun um heimsfaraldur.
				3.2	Þjálfa starfsmenn á fleiri en einu sviði þannig að starfsmenn geti gengið í störf annarra. Enn fremur að velja varafulltrúa í hverri deild/rekstrareiningu.
				3.3	Skoða tryggingavernd fyrirtækis/stofnunar í faraldri, meðal annars með tilliti til launa í rekstrarstöðvun. Skoða og gera yfirlit um tryggingalega stöðu starfsmanna samkvæmt kjarasamningi.
				3.4	Sinna upplýsingagjöf til starfsmanna í samræmi við ástand faraldursins á hverjum tíma.
				3.5	Útbúa áætlun til að mæta auknum þörfum starfsmanna um félagslega og fjárhagslega aðstoð vegna veikinda og fjarvista.
				3.6	Setja reglur um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsmanna í samræmi við gildandi kjarasamninga.
				3.7	Framfylgja reglum um ferðalög starfsmanna erlendis í faraldri.
				3.8	Ákveða aðgerðir til að viðhalda nauðsynlegum birgðum innan fyrirtækisins, ef við á.
				3.9	Gera áætlun um hvort breyta þurfi framleiðslu eða þjónustu svo sem samskiptum við viðskiptavini í faraldri og gera áætlun þar að lútandi.
				3.10	Undirbúa sveigjanlega starfsstöð fyrir starfsfólk meðal annars heiman frá.

4. Viðbrögð við aukinni hættu innan fyrirtækis vegna heimsfaraldurs

Ekki byrjað	Í vinnslu	Lokið	Á ekki við	4.0	
				4.1	Setja reglur vegna heilsufarslegra atriða hjá starfsmönnum í faraldri.
				4.2	Undirbúa og setja reglur um hreinlæti og smitgát innan fyrirtækis/stofnunar í faraldri.
				4.3	Gera áætlun um rétta meðhöndlun úrgangs.
				4.4	Setja reglur vegna starfsmanna sem eru smitaðir eða grunaðir um að vera smitaðir og mæta til vinnu.
				4.5	Gera áætlun til að auka fjarlægðir milli starfsmanna og fækka persónulegum samskiptum. Sama gildir um starfsmenn og viðskiptavini (lágmark 2 metrar eða samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis).
				4.6	Gera ráðstafanir til að fækka smitleiðum innan fyrirtækisins/stofnunar (almennar sóttvarnaráðstafanir).
				4.7	Gera reglur um sveigjanlega staðsetningu starfsmanna (vinna heima) og sveigjanlegan vinnutíma.
				4.8	Gera ráð fyrir aukinni notkun á síma- og tölvubúnaði og hvetja þannig til óbeinna samskipta við viðskiptavini.